

EINAR G. PÉTURSSON

## TVÖ SKRIF UM KÖTLUDRAUM

### I

#### KVÆÐIÐ LJÚFLINGUR EFTIR BENEDIKT MAGNÚSSON BECH

Í AFMÆLISRITI til Jonnu Louis-Jensen skrifaði Jón Marinó Samsonarson um *Ljúfling*, kvæði eftir Benedikt Magnússon Bech, sem hér verður gert að umtalsefni og gefið út:

Í Lystiháf er það kvæði Benedikts sjálfs sem kunnast hefur orðið og merkilegast þykir, og er þó fyrir efni fremur en hitt að margir hafi ágætt það fyrir dýrindi kveðskaparins eða listfengan skáldskap. Hefi ég þá *Ljúfling* í huga (2676, bls. 176). Einkum eru þjóðfræðavísundar líklegir til þess að líta það hýru auga, og sér þess þegar merki.<sup>1</sup> Væri trúlega mörgum vísindamanninum greiði gerður með því að prenta kvæðið í fullri lengd, svo að ekki sé hins getið, hversu mikill greiði það væri við handritið sem mun að öðrum kosti búa við stöðuga ásókn og harðhnjask gírugra vísindamanna og forvitinna fjölmiðlamanna.<sup>2</sup>

Segja má, að tími sé kominn til að kynna kvæðið meir en gert hefur verið til þessa, því að aðeins hefur verið prentað úr því 1. og 5. erindi seint á 19. öld og þá eftir handritinu ÍB 105 4to.<sup>3</sup> Jón Marinó Samsonarson ræddi nokkuð um orðið „lystiháfur“ og vitnaði í óprentaða sögu í handritinu Papp. fol. nr 64 í Stokkhólmi. Því má hér bæta við, að auðveldara er nú að nálgast vitneskju um orðið, því að sagan hefur síðar verið prentuð eftir 64 ásamt

- 1 Gisli Sigurðsson, „Kötludraumur. Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?“ *Gripla* 9 (1995): 213. [Aftanmálgrein JMS.]
- 2 Jón Marinó Samsonarson, „Það er svo skemmtilegt í lystiháfnunum,“ Í *Frejas psalter: En psalter i 40 afdelinger til brug for Jonna Louis-Jensen*, ritstj. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Peter Springborg o.fl. (Kaupmannahöfn: Arnamagnæanske Institut, 1997), 98.
- 3 Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede* (Kaupmannahöfn: Høst, 1888), 205–206.

*Gripla* XXVI (2015): 185–228

nokkrum fleirum.<sup>4</sup> Hér verður nú annars reynt að verða við tilmælum Jóns Marinós Samsonarsonar og kvæðið gefið út, en í seinni hluta, II, verður tekin til umræðu grein eftir Gísla Sigurðsson um ástæður vinsælda *Kötludraums*.

## Benedikt Magnússon Bech

Hér verður lauslega rakið lífshlaup Benedikts og ritstörf eftir handbókum, *Íslenzkum æviskrám* og *Sýslumannaævum*. Benedikt var fæddur á Kvíabekk í Ólafsfirði 1674, þar sem faðir hans var prestur. Hann varð stúdent úr Hólaskóla og innritaðist í Hafnarháskóla 26. október 1694.<sup>5</sup> Þar var hann við nám tvo vetur og síðan aftur 1698–99. Eftir það varð hann djákni að Möðruvallaklaustri en missti það embætti 1703 af því að hann átti barn með giftri konu. — Slík mál verða til umræðu hér síðar. — Árið 1707 var hann settur sýslumaður í Skagafjarðarsýslu og fékk veitingu 1708 „og 24. júlí s. á. fekk hann Reynistaðarklaustur, en var jafnframt ráðsmaður að Hólum og bjó þar, en síðar að Sjóvarborg. Reynistaðarklaustur missti hann vegna skulda 1714, en hálfri Skagafjarðarsýslu sleppti hann við Jens Spendrup 1715.“<sup>6</sup> Benedikt drukknaði í Héraðsvötnum 7. maí 1719. Gísli Konráðsson skrifaði þátt um Benedikt Bech og hefur hann verið prentaður.<sup>7</sup> Undir lokin sagði Gísli frá drukknum hans og þar stendur: „En það sögðu þá álfa-trúarmenn að álfar villti sjónir fyrir sýslumanni ... og hegndi honum fyrir það er hann kvað á móti Kötludraumi.“<sup>8</sup> Í þjóðsögum er sögn, sem nefnist:

4 Eitt lítið ævintýr lystugt af þremur riddurum. *Klámsaga* og fjögur önnur misjafnlega síðlát ævintýri frá sautjándu öld, Einar G. Pétursson bjó til prentunar og ritaði inngang (Hafnarfirði: Söguspekingastifti, 2002), 30.

5 Bjarni Jónsson frá Unnarholti, *Íslenskir Hafnarstúdentar* (Akureyri: BS, 1949), 54.

6 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, 6 b. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–76), 1:118.

7 Gísli Konráðsson, „Þáttur Jóns Bergmanns biskupssonar og Benedikts Bechs sýslumanns,“ *Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar*, 2. b., *Sagnaþættir*, útg. Torfi Jónsson (Hafnarfirði: Skuggsjá, 1980), 224–251. Áður hafði brot úr þættinum verið prentað og af dauða Benedikts: *Sögusafn Ísafoldar*, 4. b., *Íslenzkar sögur* (Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1891), 225–233. Þetta var endurprentað í *Sögur Ísafoldar*, útg. Björn Jónsson, 1. b. (Reykjavík: Ísafold, 1947), 349–354. Á hvorugum staðnum kemur fram eftir hvaða handriti er prentað. Textinn er styttri í brotinu en í þættinum, en ekki var hér talin ástæða til að kanna heimildir texta þáttarins frekar.

8 Gísli Konráðsson, „Þáttur,“ 248.

„Benedikt Bech drukknar.“ Þar segir að Grímólfur prestur, ella ókunnur, hafi vakið upp draug til að drekkja Benedikt.<sup>9</sup>

Rétt er að fjalla nokkuð um bókiðir Benedikts, þótt ekki sé hér staður að gera neina heildarúttekt. Fyrst er um fornfræðaiðkanir hans.

Í bréfabókum Þormóðs Torfasonar er bréf til Benedikts Magnússonar dagsett 13. febrúar 1696. Þar segir: „Jeg þacka yður fyrir goda affection och thillbod med at wera hia mer, ... þa skulu þer þo wera mer welkomner upa somu Condition sem Asgeir hefur werid“.<sup>10</sup> Fyrr í sama bréfi vitnaði Þormóður til bréfs til Benedikts frá 12. nóvember árinu áður og einnig hafði Benedikt skrifað Þormóði sama dag. Þau bréf eru ekki í bréfabókinni og sama er að segja um bréf Þormóðs til Benedikts 27. febrúar 1696.<sup>11</sup> Þormóður Torfason nefndi þetta í bréfi til Árna Magnússonar 1. mars árið eftir, en þar segir: „Latid mig vita, hvad af er ordid aff Benedixs Magnussyne, hann schulle hafa verit i Asgeirs stad etc.“<sup>12</sup> Af þessum tilvitnunum er ljóst að mjög hefur komið til álita, að Benedikt færi sem skrifari til Þormóðs, en þar sem aldrei varð úr því er ekki ástæða til að ræða það meir.

Þegar þetta er haft í huga er líklegra en ekki að Benedikt hafi eitt-hvað fengist við handrit áður úr því hann vildi verða skrifari hjá Þormóði. Samkvæmt handritaskrá Kristians Kálunds fékk Árni Magnússon allmörg blöð úr *Ólafs sögu helga* í handritinu AM 75 c fol. frá Benedikt Bech, fyrst í Kaupmannahöfn og síðar á Íslandi eftir 1702.<sup>13</sup> Eftir þessu hefur Benedikt líklegast haft blöðin með sér til Hafnar þegar hann fór þangað 1694. Í handritinu AM 210 f 4to er ritgerð, sem nefnist: „Skiftiarfar och sam-arfar J Almennilegu Erfðatale“. Handritið er með hendi Ásgeirs Jónssonar og giskaði Árni Magnússon á, að einhverjir stúdentar í Kaupmannahöfn hefðu lánað handritið sem skrifað var eftir og nefndi m. a. Benedikt Magnússon.<sup>14</sup> Með öðrum orðum Benedikt hefur haft handrit með sér til

9 Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Nýtt safn*, útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson, 3. b. (Reykjavík: Þjóðsaga, 1955), 397–398.

10 AM 284 fol., bl. 127v.

11 AM 284 fol., bl. 120r og 132r.

12 Árni Magnússon, *Arne Magnusson: Brevveksling med Torfaus (Þormóður Torfason)*, útg. Kristian Kálund (Kaupmannahöfn: Nordisk forlag, 1916), 196.

13 [Kristian Kálund], *Katalog over den Arnemagneanske håndskriftsamling*, 2 b. (Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1889–94), 1:54.

14 Kálund, *Katalog*, 1:474.

Kaupmannahafnar, hann hafði hug á að verða eftirmaður Ásgeirs Jónssonar sem skrifari hjá Þormóði Torfasyni og Árni Magnússon fékk hjá honum handrit og Árni giskaði á að hann hefði haft með sér handrit með lagaskýringum. Allt þetta sýnir að Benedikt hefur fengist við fræðastörf þegar á unga aldri.

Líklegt er að fáir viti að rit eftir Benedikt kom út á prent og varð mjög vinsælt. Fjórum árum eftir dauða hans eða 1723 kom á Hólum:

Þad ANDlega Tvij-Partada Bæna Reykielse Þess gooda Guds  
Kiennne-Manns, Saal. Sr. Þordar Baardar Sonar, Fordum ad Byskups  
Tungum I ANDlegann Eirnenn Tvij-Partadann Salmasaung sett og  
Snwed, Af s<sup>au</sup>l. Benedicht Magnussyne BECK, Fyrrum Valldsmanne  
i Hegraness Syslu.

Þetta er langur titill sem hér er stafréttur. Bænirnar komu út aftur 1731 og 1740 og árið 1746 komu þær með sjálfu *Bænareykelsi* Þórðar Bárðarsonar og komu hvorki meira né minna en níu útgáfur af þeim saman, seinast í Víðey 1836. Með öðrum orðum voru sálmar Benedikts út af *Þórðarbænum* prentaðir alls 12 sinnum á rúmri öld.

Benedikt orti talsvert, aðallega sálma og erfikvæði, og er sumt á latínu, en í ævisagnasafni Hannesar Þorsteinssonar, *Ævum lærðra manna*, sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni Íslands, eru margar tilvísanir í handrit með kveðskap hans, en hér er ekki staður til að gera honum frekari skil.

## Eiginhandarrit Ljúflings

Handritið Lbs 2676 4to er eiginhandarrit höfundar, Benedikts Magnússonar Bech. Á titilblaði stendur:

Adskiliannlegra Sálma Kvæda og | Saungvijsna | Lijstehæfur<sup>15</sup> |  
J firstu | Til Gagns Æru og Gamans Grö|dursettur af | Jmsum  
Skalldum. | Enn Hier Nu | Til Skodunar Lærdoms og Skiemtunar |  
Innplanntadur og nidurradadur | Af Skrifara og Eigara Kwer|sinns |  
BENEDICT MAGNUSSINE | Sigurdio Bech. | Anno 1699.

15 Svo hefur vanalega verið lesið, en stafir í þessu orði eru mjög skreyttir á sérlegan máta svo aðrir eru ekki til samanburðar. Greinilegt er að einn staf vantar og því er líklegasti lestur, „Lij(s)tehæfur“.

*Lystiháfur* hefur oft verið notaður við útgáfur og er hér skrá um það sem útgefanda er kunnugt um að prentað hafi verið úr því handriti.<sup>16</sup> Eins og sést hér að ofan er titilblaðið með ártalinu 1699. Á s. 263 er „líkvers“ yfir konu, sem dó 1716, svo að handritið virðist hafa verið skrifað á nokkuð löngum tíma, en ekki er gott að segja hvenær einstakir hlutar voru skrifaðir. Eins og fram hefur komið er kvæðaúrval í *Lystiháf* nokkuð fjölbreytt og til viðbótar má geta þess að þar er mikið af erfikvæðum og ýmiss konar tækifæriskvæðskap.

Í handritinu er blaðsíðutal frá hendi höfundar og hefst *Ljúflingur* neðrarlega á s. 176. Næsta blað er ekki tölusett, blaðið þar á eftir er tölusett 177–178, og þar næsta blað, þ. e. þriðja og seinasta blað með texta *Ljúflings*, er ekki heldur tölusett. Neðst á vinstri síðu þess blaðs endar texti kvæðisins og á næstu blaðsíðu á eftir stendur „179“. Í raun er kvæðið á s. 176–182, sjö síðum alls, en sleppt hefur verið úr blaðsíðutölunum 177–178, en þau voru í staðinn sett á næstu síðu fyrir aftan. Einnig var sleppt að skrifa blaðsíðutölin 179–180, sem hefðu með réttu verið 181–182. *Ljúflingur* er skrifaður sem óbundið mál, eins og oftast var gert, en erindaskil eru

16 Hannes Þorsteinsson gaf út þrjú kvæði úr *Lystiháf*: „Vítavísir í brúðkaupi Jóns Vídalíns biskups í Skálholti og Sigríðar yngri Jónsdóttur frá Leirá 17. sept. 1699,“ *Blanda* 3 (1924–27): 327–354, „Prentaðar hér eptir eiginhandarriti Benedikts Magnússonar Bech sýslumanns í Hegranesþingi (†1719) í ljóðasafni hans ‚Lystiháf‘ (bls. 18–25)“ — „Kvæðiskorn til gamans,“ *Blanda* 4 (1928–31): 47–48, „[Prentað eptir ‚Lystiháf‘, kvæðasafni Benedikts Bech sýslumanns (†1719), bls. 191–192, ... og líklega ort af honum. H. Þ.]“ — „Annað snoturt kvæði,“ *Blanda* 4 (1928–31): 49–51, „[Prentað eptir sama handriti, bls. 194–195. H. Þ.]“ — Þetta sama kvæði með heitinu *Glymur dans í höll* lét Jón Marinó Samsonarson prenta eftir *Lystiháf* (s. 194–195), aukið eftir öðru handriti, í *Kvæði og dansleikir*, útg. Jón Marinó Samsonarson, 2. b. (Reykjavík: Almenna bókmenntafélagið, 1964), 102–108. — Í *Kvæði og dansleikir*, 2:151–154, eru prentuð eftir *Lystiháf* (s. 172) þrjú vikivakakvæði sem fyrisagnir tengja saman. — Loks er í *Kvæði og dansleikir*, 2:244, viðlag úr *Lystiháf* (s. 104) við kvæði eftir Ásgrím Magnússon, afa Benedikts Magnússonar Bech. — „Vögguvísir til Benedikts Magnússonar Bech ortar af sál. Ásgrími Magnússyni afa hans.“ Þær lét Jón Marinó Samsonarson prenta, sjá „Ásgrímur Magnússon rimnaskáld,“ *Bókahmútur brugðinn Ólöfu Benediktsdóttur fimmtugri 4. febr. 1997* (Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 1997), 44–46. Vísurnar eru á s. 249–251 í *Lystiháf*. — *Aldarháttur* eftir séra Hallgrím Pétursson er á s. 109–112 í *Lystiháf*. Sá texti er lagður til grundvallar útgáfu: Hallgrímur Pétursson, *Ljóðmáli I*, 1. b., útg. Margrét Eggertsdóttir, Ritsafn Hallgríms Péturssonar, 1.1 b., Rit, 48. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2000), 24–41, sbr. s. 182. — Sálmurinn *Hæsta lof af hjartans grunni* eftir Hallgrím Pétursson er á s. 227–228 í *Lystiháf* og eru lesbrigði tekin úr honum: Hallgrímur Pétursson, *Ljóðmáli I*, 3. b., útg. Margrét Eggertsdóttir o.fl., Ritsafn Hallgríms Péturssonar, 1.3 b., Rit, 64. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2005), 118–124, sbr. 247.

einkennd með auknu bili milli orða. Fyrirsögnin er „Lýüflýngur. Það er Sensura mýn ifer þennann Køtlu draum. BMBeck.“ Fyrirsögnin vísar til þess að næsta kvæði framan við er „Kautlu Draumur“. Hann er á s. 173–176 og er 55 erindi, en ekki er neitt getið um höfund. Auðséð er að höfundurinn, Benedikt Magnússon Bech, hefur ort *Ljúfling* í framhaldi af því er hann skrifaði upp *Køtludraum*. Honum hafa ekki líkað hugmyndirnar sem þar koma fram um álfatrú.

Um feril handritsins er það helst vitað, að það kom í Landsbókasafn 1938 úr handritasafni Hannesar Þorsteinssonar Þjóðskjalavarðar, enda hafði hann látið prenta úr því eins og áður sagði. Í handritaskrá segir um feril þess: „Dr. H. Þ. hefir eignast hdr. 1899 (nefnir ekki frá hverjum).“ Þar segir einnig, að á handritinu „eru þessir greindir eigendr hdr.: Páll Illugason í Hamrakoti á Ásum og Ebenezer sýslum. Þorsteinsson.“<sup>17</sup> Páll Illugason í Hamrakoti er nefndur í ættfærslum í *Ættum Austur-Húnavetninga*. Hann er þar sagður hafa verið uppi á árunum 1777–1836.<sup>18</sup> Nafn Páls Illugasonar „á Hamra Kote“ er á blaði, sem skotið var inn milli tiltitblaðs og s. 1, með lítt æfðri hendi, sem gæti verið frá því um 1800. Ebenezer Þorsteinsson (1769–1843) var sýslumaður í Snæfellsnessýslu frá 1804–1806 og síðar Ísafjarðarsýslu frá 1810–1834 og bjó í Hjarðardal ytra.<sup>19</sup> Ebenezer var faðir Ingibjargar sem varð eiginkona Kristjáns Skúlasonar Magnusen kammerráðs á Skarði á Skarðsströnd, svo að handritið gæti verið komið að vestan, þótt það verði aðeins ágiskun nema nýjar heimildir komi til.

Handritið Lbs 2676 4to er eðlilega lagt til grundvallar útgáfu *Ljúflings* og er rithönd Benedikts skýr og smá, en ekki alltaf auðlæsileg. Því var stundum stuðningur af öðrum handritum við lestur á óskýrum stöðum. Á fáeinum stöðum aftarlega í handritinu eru á spássíu biblíutilvitnanir, sem í prentuninni hafa verið settar stafrétt neðanmáls. Á eftir 42. erindi kvæðisins er skotið inn 60. erindi úr *Fjandafælu* Jóns lærða eins og getið er í athugasemdum neðanmáls við textann og vikið er nánar að hér á eftir.

17 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 1. aukabindi, *Handritasafn Landsbókasafns* (Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1947), 33.

18 Guðmundur Sigurður Jóhannsson og Magnús Björnsson, *Ættir Austur-Húnavetninga*. 4. b. (Reykjavík: Mál og mynd, 1999), 1344–1345. Ekki er þar getið hvar Hamrakot er, en samkvæmt *Bejatali* 1930 er það í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, sjá *Bejatal á Íslandi* (Reykjavík: Póststjórnin, 1930).

19 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár*, 1:311–312.

Greinamerkjasetningu handritsins er fylgt nokkuð nákvæmlega, þótt hún brjóti í bága við það sem var og er nú venjulegast, t. d. er tvípunktur innan í svigum. Greinamerkjasetning á fyrri tíðum er oftast en ekki hluti af stíl manna og þess vegna er oft nokkur ástæða til að hrófla ekki of mikið við henni. Stafsetningu handritsins er breytt til þess horfs, sem nú tíðkast, en orðmyndum ýmsum er haldið og ekki alltaf samræmt, t. d. er ýmist skrifað „eg“ eða „jeg“. Þar sem nú er skrifað „lagi“ er oft í handritinu „læge“, t. d. 23.1 og „heylæger“ 44.5 og 47.3. Alls staðar er hér samræmt „hvör“ í öllum myndum þess orðs, þótt vafasamt sé, en á einum stað er skrifað „hvór“ 58.3 (ó = ö), annars staðar er ritað „hvor“.

Eðlilegt er að skilja 4. erindi *Ljúflings* svo að höfundur hafi heyrt menn tala um *Kötludraum* og álitid efni hans sannsögulegt. Tilgangur Benedikts með kvæðinu var, eins og segir í lok sama erindis, að brjóta „í þann trúarskansinn skarð.“ *Ljúflingur* er m.ö.o. saminn gegn *Kötludraumi*, eins og fyrirsögnin ber með sér og áður var getið. Í 6. erindi efaðist höfundur ekki um, að hjónin Már og Katla hefðu verið til, en í tveimur næstu vísum er hann efins um álfinn Kára. Í *Ljúflingi* er því stíft haldið fram, að álfar séu djöflar; í 10. erindi er talað um að fjandinn hafi fundið upp að tala um álfa og í 14.–16. og 18. erindi er meira um hann og að álfar séu þess kyns. Í 22. og 23. erindi er rætt hvað þarna hafi átt að gerast í frásögn *Kötludraums*, „ef að þessi saga er sönn?“ Í fyrsta lagi er talið, að um missýningu hafi verið að ræða, í öðru lagi „Ellegar kollski í Kára líki“, en í þriðja lagi að „hún slíkt í draumi sæi“. Seinast í seinna 23. erindi segir þar að Már hafi verið barnsins faðir, þ.e. Ara. Ekki er ástæða til að endursegja efni úr vísum í framhaldinu, en í 28. erindi segir:

Enn síst mun verða Satans andi,  
seirna lífsins aðnjótandi.

Þarna er vikið að því sem fyrrum var trúað, að álfar hefðu ekki ódauðlega sál og kemur það fram í 60. vísu *Fjandafælu* Jóns lærða, sem tilfærð er eftir 42. erindi *Ljúflings*, en þar segir: „vantar ei nema sjálfa sál“. Benedikt Magnússon Bech er ekki einn um að tilfæra fyrrnefnda vísu, því að Jón Espólin tók hana líka upp í *Íslands Árbækur*.<sup>20</sup> Eins og getið er neðanmáls

20 Jón Espólin, *Íslands Árbækur í sögu-formi*, 6. deild (Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmentafélag, 1827), 49.

við texta *Ljúflings*, er vísan einnig prentuð í 1. bindi af *Þjóðsögum* Jóns Árnasonar. Þar er hún sögð merkja, að álfar hafi enga skynsemi, sem er rangt, því að vísan merkir í raun að álfar hafi ekki ódauðlega sál eins og mannfólkið. Þessi kenning um sálarleysi álfafólksins fór mjög í skapið á séra Guðmundi Einarssyni og var 5. óguðlega kenningin í ritinu *Hugrás* sem hann samdi 1627 gegn *Fjandafælu*, „að álfafólkið sé Adams afkvæmi, en móðurlaust og sálarlaust. Item að það sé guðs börn, og hafi vit á öllu utan að forðast vélræði djöfulsins.“<sup>21</sup> Af þessum tilvitunum kemur fram, að lærðir menn hafa viljað að það væri viðtekin skoðun, að álfar væru illir andar, djöflar, en margir voru þeirrar skoðunar að þeir væru af guðlegum uppruna eins og tilvitnuð orð Guðmundar Einarssonar sýna.

Í 41. vísu *Ljúflings* er byrjað að tala um Jón lærða og segir að hann hafi ort „drápu brag“ og átt er þar við *Fjandafælu*, en kvæðið er ekki nefnt með nafni. Önnur rit eftir Jón lærða virðist Benedikt ekki hafa þekkt svo sem *Tíðfordríf*, en þar er langur kafli um álfa, sem víða er í handritum. Ekki var við því að búast að Benedikt hefði þekkt *Samantektir* eftir Jón lærða, en þar sagði „hvert sá Ari ... var Mársson eður Kársson er í efanum“.<sup>22</sup> Með öðrum orðum var Jón lærði ekki fyllilega trúaður á sannleiksgildi *Kötludraums* frekar en Benedikt. Seinast er Jón nefndur í 53. erindi *Ljúflings*; þar er talað um „ljúflings kvæði“ hans, sem er varla rétt, en síðan segir: „andsvars meir ei virða vil“ og þar á eftir er farið háðuglegum orðum um kvæðið og höfund þess. Í síðasta erindi kvæðisins er því gefið nafnið *Ljúflingur* og seinasta ljóðlínan hljóðar svo: „Kveð eg so lumpinn Kötludraum.“

*Kötludraumur* fylgir í 10 handritum af þeim 20, þar sem *Ljúflingur* er varðveittur. Af þeim er hann aðeins eignaður Jóni lærða í tveimur, báðum runnum af Austurlandi og voru í höndum Sigmundar Long: Lbs 2125 4to og Lbs 2170 8vo. Þar sem kvæðið fylgir annars *Ljúflingi* í handritum er það engum eignað. Hálfðán Einarsson eignaði Jóni lærða *Kötludraum* í bókmenntasögu sinni.<sup>23</sup> Víðar er sagt, að Jón lærði hafi ort *Kötludraum* og

21 Einar G. Pétursson, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða. Samantektir um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi. Þættir úr fræðasögu 17. aldar*, 2 b., Rit, 46. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1998), 1:114. Stafsetning er hér samræmd.

22 Einar G. Pétursson, *Eddurit*, 2:89. Stafsetning er hér samræmd. Í skýringum við þennan stað kemur fram, að Jón lærði taldi *Kötludraum* til leiðslubókmennta; sama rit, 1:383–384.

23 Hálfðán Einarsson, *Sciagraphia historie literarie Islandicæ autorum et scriptorum tum editorum tum ineditorum indicem exhibens* (Kaupmannahöfn: [án útg.], 1777), 82.

rakti Ólafur Davíðsson dæmi um það.<sup>24</sup> Í *Ljúflingi* nefndi Benedikt ekki höfund kvæðisins, en hann sendi Jóni lærða tóninn og vitnaði í *Fjandafælu*, þótt kvæðið sé ekki nefnt með nafni. Þess vegna er eðlilegt að menn hafi fyrir misskilning farið að telja Jón lærða höfund *Kötludraums*.

Annars er *Ljúflingur* merkileg og gömul heimild um álfatrú, því að kvæðið er frá því um 1700, en í 18. erindi segir:

hvör sem ljúfling heima byggir,  
helgan skara í burtu styggir,  
en að sér hyllir Andskotann.

Hér er vísað til þess siðar að byggja álfum heima á gamlárskvöld og finnst höfundu þá ekki gott. Þetta er elsta kunna heimild um þennan sið, en áður var elsta þekkt heimildin í *Orðabók* Jóns Ólafssonar úr Grunnavík, en þar stendur um álfa meðal annars eftirfarandi:

að byggja álfum heima kveldið fyrir nýársdag. hac formula [með þessu máltæki] sitji þeir sem sitja vilja. fari hinir sem fara vilja [þessi seinasta setning er yfirstrikuð] vel forte [eða ef til vill] leyft sé þeim landið vilja. fari hinir, sem fara fýsir. Et hac de causa [og af þessari ástæðu]: að brjóta að eldi í eldhúsi, að kveldi næturinnar fyrir nýársdag, so álfafólkið, það sem flytur bú sitt, megi orna sér, ef því er kalt.<sup>25</sup>

## Önnur handrit *Ljúflings*

Ýmsir telja eflaust óskynsamlegt að eyða tíma í að skoða uppskriftir texta þar sem eiginhandarrit er varðveitt, en þó taldi ég ómaksins vert að skoða nokkuð handrit *Ljúflings*. Fyrir utan eiginhandarrit reyndust alls 19 handrit finnanleg, en alls ekki er víst að upptalningin sé tæmandi, þar sem skráning er mjög svo misnákvæm í söfnum og sum söfn óskráð. Þar sem varðveislan er góð, getur ekki orðið stór skaði, þótt einhver handrit með misgóðum textum hafi farið fram hjá mér.

<sup>24</sup> *Íslenzkar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur*, 4. b., *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*, útg. Ólafur Davíðsson (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1898–1903), 16.

<sup>25</sup> AM 433 1 fol., bl. 285v. Klausan er í viðbót frá síðari árum Jóns Ólafssonar. Stafsetning er hér samræmd og latnesk orð þýdd og skýringar innan hornklofa. Sjá einnig: Árni Björnsson, *Saga daganna* (Reykjavík: Mál og menning, 1993), 395 og rit sem þar er vísað til.

Nú verða handrit *Ljúflings* talin upp og síðan getið lauslega um skyldleika, en ekki verður sett upp stemma, eða ættarskrá. Þegar hefur rækilega verið fjallað um eiginhandaritið, en nú verður fjallað um önnur handrit eftir númeraröð. *Kötludraumur* fylgir oft *Ljúflingi* í handritum eins og áður sagði og í upptalningu handrita hér á eftir er getið hvort hann er með. Ástæða væri til að kanna, hvaða texti *Kötludraums* fylgir *Ljúflingi* og hvort þeir textar séu skyldir. Þegar unnið verður að vísindalegri útgáfu *Kötludraums* verður sá skyldleiki rakinn og vonandi verður þá þessi athugun til nokkurrar hjálpar. Hér verður líka að hafa í huga, að handritið *Ljystiháfur* er frá 1699 eða litlu síðar og er því með elstu handritum *Kötludraums*. Hann var þó ekki meðal þeirra handrita, sem Jón Helgason prófessor skrifaði upp (sbr. hér á eftir s. 214).

**AM 960 4to.** Í þessu handriti eru ýmis kvæði og fleira, sem ýmsir höfðu sent til „det kgl. nord. Oldskriftselskab“ og fór þaðan ásamt öðrum handritum félagsins í Árnasafn 1883.<sup>26</sup> *Ljúflingur* er fyrsti liður í handritinu (þ.e. AM 960 I 4to) og er 8 síður. Fyrirsögn er svohljóðandi: „Liuflíng; edr Censura Syslumansens Sal. B. M. S. Bech yfer Kötludravm.“ Kvæðið er heilt og vísan úr *Fjandafelu* er aftan við 42. erindi neðanmáls með fyrirsögninni: „Ita fiandaf.“ [þannig *Fjandafela*]. Eins og áður sagði var handritið í eigu Konunglega norræna fornfræðafélagsins. Í skýrslu um starfsemi þess fyrir árið 1851 stendur:

Ólafur stúdent Ólafsson í Skagafirði hefir sent: ... 3) Afskript af kvæði eptir Benedikt sýslumann Bech í Skagafirði, sem hann kallar „Ljúflíng“; Það er ritað móti kvæðinu „Kötludraumi“, og álfatrú allri, með mjög óskáldlegum ástæðum. Kvæði þetta sýnist vera ritað með hendi Hálfðanar Einarssonar skólameistara, ... alls er kvæðið 69 erindi.<sup>27</sup>

Vitað er að skýrslan var samin af Jóni Sigurðssyni forseta, en hann starfaði mikið fyrir þetta félag.<sup>28</sup>

26 Kålund, *Katalog*, 2:278–279.

27 [Jón Sigurðsson], „Det historisk-archæologiske Archiv“, *Antiquarisk tidsskrift* (1849–1851): 256–257.

28 Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson*, 3. b. (Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1929–33), 392–393.

Hálfðan Einarsson skólameistari á Hólum var uppi á árunum 1732 til 1785.<sup>29</sup> Ekki er þó öruggt að handritið sé með hendi hans, því að á miða með þessum parti handritsins, næstum örugglega með hendi Kálunds, stendur einnig: „Halld. Hjálmarsson (ifg. JÞ.)“. Næsta víst er að hér er skammstöfun á nafni Jóns Þorkelssonar síðar þjóðskjalavarðar. Ekki breytir þetta miklu um aldur, því að Halldór Hjálmarsson var konrektor á Hólum og var uppi á árunum 1745 til 1805, en var heilsulaus seinustu árin.<sup>30</sup> Báðir voru þeir Hálfðan og Halldór tengdir Hólaskóla á svipuðum tíma, svo að hvor þeirra sem hefur skrifað handritið, þá hefur það verið skrifað á Norðurlandi á seinni hluta 18. aldar.

**Lbs 625 4to.** „Skr. ca. 1800–1810. ... Mun rituð á Snæfellsnesi og hefir skrifarinn látið nafns síns getið á bls. 416 (»G. Gson«).“<sup>31</sup> *Ljúflingur* er á s. 131–140 með svohljóðandi fyrirsögn: „Kvæded Liuflingur ordt af sal Sysslu mannum y Hegraness þinge Benedict Magnus syne Beck Med listugu lagie sem epter filger“. Kvæðið *Ljúflingur* er hér heilt, en ekki er eftir 42. erindi vísan úr *Fjandafælu*. Framan við á s. 125–131 er „Kautlu Draumur“, en ekkert er talað um höfund hans.

**Lbs 936 4to.** Handritið er „Skr. ca 1880. ... Vísna- og kvæða-bók með hendi séra Friðriks Eggerz.“<sup>32</sup> Fyrirsögnin er: „Kvæðið *Ljúflingur*“ og er skrifað þrídálka á s. 776–777. Textinn er ekki heill og vantar 12.–13., 26.4–27.1, 31.–33., 35.–40., 42.–52. og 54.–69. erindi, svo að seinast er 53. erindi, en aftan við það stendur:

N. Þar sem þetta teikn NB. er þar vantar í kvæðið eins þar sem þesse „—“ eru. Það er langt og geingur allt útá að reka Álfatrú, og segir hann það vera djöfulsins geglerie til að narra menn, en Benedict Magnússon Bech sýslumaður í Hegranessþinge hefur það ort — móte kvæði Jóns Gs um ljúflínga, og Kótludrámi.

29 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár*, 2:235–236.

30 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár*, 2:256–257.

31 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 1:285. Í lykllum við skrána er skrifari talinn Guðmundur Guðmundsson, en ef borið er saman við önnur handrit með sömu hendi er víst, að skrifari er Gunnlaugur Guðmundsson á Svarfhóli í Miðdölum. Sjá Jón Guðnason, *Dalamenn. Æviskrár 1703–1961*, 3 b. (Reykjavík: Á kostnað höfundar, 1961–66), 1: 197.

32 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 1:394.

Líklegt virðist af þessum niðurlagsorðum að skrifarinn, Friðrik Eggerz, hafi stytth kvæðið. Eins og sést af blaðsíðutali er handritið mjög stórt, en ekki er *Kötludraumur* þar neins staðar, en verið getur að kvæðið hafi verið í öðrum handritum, sem séra Friðrik hafði undir höndum.

**Lbs 2125 4to.** Á titilblaði stendur: „Safn af Ljóðmælum ýmislegs Efnis og Eftir ýmsa Höfunda byrjað Árið 1865 af Sigmundi Mattíassyni þá Verandi á Brennistöðum“. Á fremra saurblaði stendur: „Sigmundur Mattíasson 1869.“ Ljóst er því á hvaða árum handritið er skrifað. Það er fyrsta bindi af tíu í ljóðmælasafninu. Kvæðið *Ljúflingur* er á s. 215–228 og er fyrirsögnin: „41<sup>ta</sup> Ljúflingur Sensura mín yfir Kötludraum. — B. M. S. Bekk —“. Tölusetningin á kvæðinu er örugglega komin frá skrifara, en aftan við það hefur hann skrifað:

Þettað kvæði skrifaði jeg eftir mjög rotnum og máðum Blöðum, er ey urðu nærri því allstaðar Lesinn, og því eru eiður í kvæðinu, enn af því eg higg það óviða til, þókti mér þó betra að hafa nokkuð, enn aldeilis ekkert.

Þetta er aldeilis rétt, því að sums staðar vantar heilu ljóðlínurnar í kvæðið, má t. d. nefna 11. erindi, en þar vantar 2. vísuorð og 1. vísuorð sama erindis hljóðar svo: „Álf og ljúfling út nú leggjum“. Ekkert erindi vantar þó alveg, því að kvæðið er alls 69 erindi. Slíkar skemmdir í handritum gætu e.t.v. stundum skýrt mismunandi gerðir texta. Erindið úr *Fjandafælu* er hér með upphaflegri fyrirsögn, en aftan við það stendur: „(samanber Fjandafælu Jóns Lærða)“.

Á undan fyrrgreindri tilvitnun s. 228 um forrit handritsins eru fjögur erindi, sem ég þekki ekki annars staðar, þar sem *Ljúflingur* er lofaður og álfatrú talin slæm villutrú. Höfundar er ekki getið, en þar sem þau sýna viðhorf til álfatrúar verða þau birt hér stafrétt:

## Appróbatíó Ljúflingsins

1. Kötlu Vitran kímilega,  
kortað hefur alla Vega  
sá sem Ljúfling samdi og kvað,  
og með rökum Repútjerað,  
rjett vil eg það Appróbera,  
signaður hafi hann sungið það.

2. Bekk Sálugi braut með afli,  
bísna stikki úr þeim skafli,  
er skilnings gjörvöll skjekti hlið  
um Ljúflinga æru geingi,  
og álfa trúna, svey henni leingi,  
þess hefur þurft og þarf enn við.

3. Sjálfur Guð í Sonarins nafni,  
svoddann Villudómi hafni,  
og Börnum sínum bjargi að,  
Andskotans sú ákjefð slinga,  
oss kristninnar Vesælinga,  
fái ekki fordjarfað.

4. Álfa faðirinn laungum lærði,  
um Ljúflinganna trú sem ærði,  
sanna skildi sögu þá,  
nær Sannleik mætir sefast ligi,  
Sekula það Vatans [sv] drigi  
Sanus qvisi seigir já.

Á s. 201 í þessu handriti stendur: „40<sup>ta</sup> Kvæði. — Kötlu Draumur. Eignaður Jóni Guðmundssini hinum Lærða.“ Kvæðið er alls 87 erindi og er með öðrum orðum næst á undan *Ljúflingi*.

**Lbs 2856 4to.** Samkvæmt skrá er handritið skrifað „ca. 1850–70. ... Syrpa Gísla Konráðssonar ... Nafngreind skáld: ... Benedikt sýslum. Bech“.<sup>33</sup> Í handritinu er ýmiss konar samtíningur í bundnu og óbundnu máli með hendi Gísla Konráðssonar. Ekkert titilblað er á handritinu, en það gæti hafa glatast. Bundið mál er sett upp í ljóðlínur og *Ljúflingur* hefst í aftari dálki á s. 829, nær aftur á s. 834 og lýkur þar einnig í aftara dálki. Þessi tölusetning er skrifuð af Gísla sjálfum. Innan sviga er annað leiðrétt blaðsíðutal (799–804) skrifað nýlega af bókaverði fyrir viðgerð. Fyrirsögn er svo hljóðandi: „Kvæðið Ljúflingr, kveðið um Kötlu Draum sjá bls. af Benedict Magnussyne Bech sýslumanni í Hegrannessþingji.“ *Kötludraumur* var aldrei skrifaður í þetta handrit og því var blaðsíðutali aldrei bætt inn. Kvæðið er hér 69 erindi, en ekki er með erindið úr *Fjandafelu* Jóns lærða. Gísli Konráðsson hafði mikið af handritum undir höndum og gæti skýringin, hvers vegna *Kötludraum* og erindið úr *Fjandafelu* vantar, verið sú, að hann hafi haft þau kvæði í öðrum handritum.

33 Páll Eggert Ólason, *Handritasafn Landsbókasafns*, 1. aukabindi: 57–58.

**Lbs 163 8vo.** Á titilblaði stendur: „Ljóð-mæli. flest eptir tilgreinda höfundu. II B.“ Þetta er 2. bindi af 27 alls í ljóðmælasafni „Að mestu m.h. Páls stúdents Pálssonar“, sem samkvæmt handritaskrá er skrifað „ca. 1850–1870.“<sup>34</sup> *Ljúflingur* með hendi Páls stúdents er á s. 401b–415b. Skýringin á því af hverju síðurnar eru merktar með „b“ er sennilegast sú, að þessum blöðum var aukið aftan við síðar og eru þau yngri en meginhluti handritsins. Blöðin eru blá og „b“ virðist skrifað síðar en textinn. Kvæðið hefur svohljóðandi fyrirsögn: „Ljúflingur eður Censura syslumanns Benedikts Magnussonar Bech, yfir Køtludraum (eftir Lambastaðabók,) (seinna skr. með hendi Þorkells í Tóptum, (þ) í safni J A. 8 N.)“ Kvæðið er heilt og erindið úr *Fjandafælu* er hér með. *Køtludraumur* fylgir hér ekki og samkvæmt registri framan við 1. bindi þessa kvæðasafns, þ.e. Lbs 162 8vo, er hann þar ekki eða í 3. bindi kvæðasafnsins.

Ólafur Davíðsson nefndi *Lambastaðabók* í 3. bindi af safni sínu og prentaði þar viðlag úr henni.<sup>35</sup> Sama viðlag prentaði Jón M. Samsonarson og vísaði þar í handritið JS 509 8vo.<sup>36</sup> Þar af leiðandi er ljóst, að 509 er það handrit sem Ólafur Davíðsson kallaði *Lambastaðabók* og 163 er uppskrift af JS 509, en sá orðamunur, sem merktur er með „þ“ á spássíum og milli lína í 163 er greinilega úr JS 493 8vo.

**Lbs 705 8vo.** „Skr. um 1800. Kvæðasafn m.h. síra Pétrs Björnssonar á Tjörn. Nafngreindir höfundar: ... Benedikt M. Beck“.<sup>37</sup> Samkvæmt því sem stendur við Lbs 692 8vo var það handrit ásamt fleirum, þar á meðal þessu, „keypt úr dánarbúi Jóns justitariuss Pétrssonar.“ Fyrirsögn í handritinu er: „Liúflingur, Kvedinn af Säl. B. M. Bech.“ Kvæðið er á s. 189-190 og er heilt nema erindið úr *Fjandafælu* Jóns lærða á eftir 42. erindi vantar. *Køtludraumur* er ekki í handritinu.

**Lbs 769 8vo.** „Skr. ca. 1790. ... Kvæðabók. M. h. Jóns Árnasonar í Bólstaðarhlíð. Nafngreindir höfundar: Benedikt Magnússon Bech“.<sup>38</sup> Um feril handritsins stendur á sama stað: „Keypt 1903 af Jósafat Jónassyni.“ Þetta

34 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:38.

35 Íslenzkar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur, 3. b., Íslenzkir vikivakar og vikivakakvæði, útg. Ólafur Davíðsson (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag, 1894), 352.

36 *Kvæði og dansleikir*, 2:186.

37 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:135.

38 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:148.

er sami maður og seinast gekk undir nafninu Steinn Dofri. *Ljúflingur* er á s. 193–206 með svohljóðandi fyrirsögn: „Liuflingur. Kvedinn af Sal: B: M: S Beck.“ Kvæðið er hér heilt, en sleppt er erindinu úr *Fjandafælu* eftir 42. erindi. *Kötludraumur* er ekki finnanlegur í þessu handriti.

**Lbs 1082 8vo.** „Ein hönd. ... II. Bls. 150–554. Kvæðasafn. Nafngreindir höfundar: ... Benedikt Bech“.<sup>39</sup> Á fremra saurblaði er álímdur miði með hendi Jóns Þorkelssonar forna: „Plánetu og kvæðabók skr. 1780–85 í Gaulverjabæ af Hannesi Kolbeinssyni. Léð mér 6/10. 91 af stud. jur. Einari Benediktssyni fyrir hönd frænda hans stud. jur. Einars Stefánssonar. Gefin mér af cand. jur. Einari Benediktssyni 2/8. 92.“ Seinasta setningin er augljóslega skrifuð síðar eins og dagsetningin ber með sér, enda með öðrum blekklit. Á næsta blað hefur sami maður skrifað: „Ólafur Davíðsson kallar þetta „*Einarsbók*“ mína í Víkivakabók sinni Khöfn 1894, og Þulum og Þjóðkvæðum Kh. 1897“. *Ljúflingur* er á s. 190–211 og er fyrirsögn svohljóðandi: „Liwflyngur. Kvedinn af Benedicht Magnúss syne Beck, æ moote Køtlu=Draum med lag sem Ords kvida=klase.“ Í kvæðið vantar 38. erindi, en erindið úr *Fjandafælu* fylgir. Framan við *Ljúfling* er, s. 169–190, *Kötludraumur* og er hann hér 88 tölusett erindi, en ekki er þar neitt getið um höfund.

**Lbs 1174 8vo.** „Tvær hendr. Skr. á 18. öld.“<sup>40</sup> Handritið er fallega skrifað, illa farið, en nýlega hefur verið gert við það. *Ljúflingur* er á bl. 19v–26v, en blaðatalið var skrifað af bókaverði fyrir viðgerð. Eitt blað vantar eftir bl. 22, en þar voru á erindi 28.4–36.4, og einnig vantar sums staðar ofan af blöðunum heilu ljóðlínurnar. Fyrirsögn er: „Liúf=Lingur. Meiníng Benedicts Magnus sonar Beck, ífer Kótludræm.“ Í textann vantar 38. erindi og vísuna úr *Fjandafælu* Jóns lærða. Framan við *Ljúfling* er í handritinu *Kötludraumur* og er þar 54 erindi tölusett, en ekki er þar neitt talað um höfund. Þetta handrit eins og það síðastnefnda er komið í Landsbókasafn frá Jóni Þorkelssyni forna.

39 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:206–207. Þetta handrit var ásamt fleirum keypt í Landsbókasafn 1904 af Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði.

40 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:226.

**Lbs 1608 8vo.** Í handritaskrá stendur: „Skr. seint á 18. öld. ... Kvæðasafn. ... Enn fremr: Kötludraumr með athugasemdum Benedikts Magnússonar Bechs ... Ferill. Síra Bjarni Þorsteinsson á Hvanneyri hefir gefið skólabókasafninu hdr.“<sup>41</sup> Stimpill skólabókasafns Hins lærða skóla í Reykjavík, „BSR“, er í lesmáli á fremsta blaði handritsins, en titilblað er ekkert. Fyrirsögn kvæðisins er: „Sensura mijn yfer þennann Kótlu Drøm B M. Bech.“ Þetta er samhljóða fyrirsögn og er í eiginhandarritinu og að framan var tilfærð. *Ljúflingur* er á bl. 115r–122v og eru blöðin sérstök örð eða kver. Kvæðið er heilt, alls 69 erindi, en í vantar vísuna úr *Fjandafelu* Jóns lærða eftir 42. erindi. Framan við *Ljúfling* er *Kötludraumur* á bl. 110v–114v og er ekkert talað um höfund hans.

**Lbs 1999 8vo.** Í handritaskrá stendur: „Skr. ca. 1740. ... M. h. síra Eyjólfssonar á Völlum ... og þeirra bræðra Jóns Ólafssonar úr Grunnavík og Erlends Ólafssonar (að mestu). Nafngreindir höfundar: ... Benedikt Bech“.<sup>42</sup> Jón Þorkelsson forni hefur skrifað á lausa örk, sem liggur framan við handritið „... allmart í því sýnist vera með hendi Grunnavíkur-Jóns á þeim árum, sem hann var hjá Bjarna sýslumanni Haldórssyni.“ Svo sýnist vera sem hönd Grunnavíkur-Jóns sé á *Ljúflingi*, en ekki var talin þörf á að rannsaka rithöndina nánar en áður hefur komið fram. Um feril handritsins er sagt að það sé komið frá Jóni Þorkelssyni 1918. Fyrirsögn *Ljúflings* er: „Censura mýn yfer þennann Kótludraum. B. M. Bech.“ Kvæðið er á s. 37–45, en í það vantar 35.–58. erindi, þ.e. sennilegast 2 blöð milli 42. og 43. síðu. Á hverri einstakri síðu eru vanalega 5 til 6 erindi, en erindin eru hér ekki tölusett. Af þessu sést að ekki er hægt að sjá hvort í handritið hefur vantað 38. erindið, hvernig 58. erindið var og hvort erindið úr *Fjandafelu* Jóns lærða fylgdi, sbr. hér á eftir s. 204. Á s. 31–36 í handritinu er *Kötludraumur* en upphaf vantar, svo að ekki kemur fram, hvort hann hefur þar verið einhverjum eignaður.

**Lbs 2170 8vo.** Í handritaskrá segir: „Skr. 1776. ... Kvæðakver ... m. h. Eiríks Hemingssonar, þá á Egilsstöðum. Nafngreindir höfundar: ... Benedikt Magnússon Bech“.<sup>43</sup> Upphaf *Ljúflings* er á 30v og er fyrirsögnin: „Liuf

41 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:316.

42 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:391.

43 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:419.

Lingur. Sensus mín yfir Kötluðraum Benedix M. S. Beck.“ Textinn nær ekki lengra en í 3.6 „sannleiks“, og er hann svo langt sem hann nær nokkuð góður. Sigmundur Long hefur átt handritið, en ljóst er af samanburði á Lbs 2170 8vo við Lbs 2125 4to, að 2170 getur ekki verið forrit 2125 þegar það var fyllra en nú er. Sigmundur hefur skrifað inn í handritið ofan við *Ljúfling*: „Sbr, 1<sup>ta</sup> Bindi“, en þar er hann að vísa til Lbs 2125 4to, sem að framan gat. Framan við *Ljúfling*, bl. 25r–30v, er kvæðið *Kötludraumur* 85 tölusett erindi. Næsta kvæði framan við *Kötludraum* er „ARADALS BRAGUR kvedinn af Joone Gudmunds syne LÆRDA.“ Við *Kötludraum* stendur hér, að hann sé „Sama Authoris.“ Þetta er svo að skilja, að Jón lærði er talinn hafa ort kvæðið, en hann er einnig nefndur höfundur í Lbs 2125 4to eins og áður sagði. Meira er um að Jón lærði hafi verið talinn höfundur *Kötludraums* er aftan við umfjöllun um texta *Ljúflings* í handriti Benedikts sjálfs, sjá s. 191–93 hér að framan).

**JS 400 4to.** „Skr. á 18.–19. öld. Kvæðasafn ... Nafngr. skáld ... Benedikt Magnússon Bech“. <sup>44</sup> *Ljúflingur* er þar í handriti á að giska frá 18. öld, en þar er aðeins eitt blað og skert vinstri spássía. Ofan við stendur að því er virðist með hendi Jóns Sigurðssonar: „Bened. Bech um Kötludraum“. Textinn endar með 10.1 „kalla“. Í handritinu er samtíningur um og eftir ýmsa höfunda og eru þar tilvísanir til heimilda um Benedikt Magnússon Bech.

**JS 493 8vo.** Þetta handrit er ásamt 496 og 509 úr 50 binda kvæðasafni Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara. <sup>45</sup> Þau eru öll bundin og með registri eftir Pál stúdent Pálsson. Á fremra saurblaði stendur:

Þessa bók fékk eg frá fræðimanninum Brynjólfi Jónssyni á Minna-núpi í Eystrahrepp 11. Julí 1861; er hún skrifuð af skrifuð af [*svo*] Þorkeli Jónssyni á Tóptum í Grindavík; því heitir hún „Tóptabók“, Jón Árnason

Kvæðið er á s. 49–62 og er fyrirsögn svohljóðandi: „Liüflijngur. | Qvedenn Af S<sup>al</sup>. Sysluma|manne [*svo*] Benedickt Magnus | Syne Beck. | a moote |

44 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:564.

45 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*, 2:705–713.

Køtlu Drøjm | med lag sem Ords qvida | Klase.“ Þrjú erindi vantar hér í *Ljúfling*, þ. e. 18., 38. og 48. Erindið úr *Fjandafælu* Jóns lærða er hér með, en fyrirsögn þess er: „A stæða Jons Lærda.“ *Kötludraumur* er ekki í þessu handriti. Eins og getið er við handritið Lbs 163 8vo, tók Páll stúdent Pálsson þar orðamun úr 493.

**JS 496 8vo.** Á fremra saurblaði stendur með hendi Jóns Árnasonar:

Fyrri hluta þessarar bókar alt til 162. bls. sendi sèra Jón Benedicts-son á Söndum mèr með bréfi 11. December 1861, en síðara hlutann fékk eg frá Brynjólfi bókbindara Oddssyni, og ætla eg hann segði hann ættaðan úr Arnarfirði, eins og B. I.

Handritið er eins og áður sagði ásamt næsta handriti á undan og eftir hluti af kvæðasafni. Kvæðið *Ljúflingur* er á s. 102–115 með svohljóðandi fyrirsögn: „Löufljngur þad er lensara [*svø*, þ.e. sensura = dómur] mijn yfer køtlu Draum B. M. S. B.“ Kvæðið er heilt og erindið úr *Fjandafælu* á sínum stað, fyrirsögnin er aftan við 1., 2. og 4. vísuorð og hljóðar: „þerba [*svø*, þ.e. verba = orð] Autoris Jónæ“. Afbakanirnar gætu bent til þess að skrifari hafi ekki verið latínulærður. *Kötludraumur* er ekki í handritinu.

**JS 509 8vo.** „Lambastaðabók“. Þetta handrit er eins og þau tvö, sem nefnd voru hér næst á undan, hluti af kvæðasafni Jóns Árnasonar. Handritið er eins og 496 með registri með hendi Páls Pálssonar stúdents. Á titilblaði stendur með hendi Páls: „mestallt með hendi Sigurðar Magnússonar í Holtum.“ *Ljúflingur* er á s. 167–189 og fyrirsögn svohljóðandi: „Liúflingur, Edur Censura Sýslumannsins Sál. Benedicht Magnússonar Bech yfer Kötludram.“ Kvæðið er ekki með hendi Sigurðar í Holtum. Aftur á móti er næsta kvæði þar á undan, á s. 153–166, *Kötludraumur*, með hendi Sigurðar, og er hann hér 88 erindi, en ekki er getið höfundar. Þar sem *Ljúflingur* er með sérstakri hendi mætti láta sér detta í hug, að sá texti hefði verið útvegaður sérstaklega. Kvæðið er heilt og vísan úr *Fjandafælu* alveg eins og í frumriti *Ljúflings*. Eftir þessu handriti var Lbs 163 8vo skrifað eins og fyrr sagði.

**ÍB 105 4to.** Í handritaskrá stendur: „Skr. 1758–68. ... Kvæðabók m. h. Jóns Egilssonar í Vatnshorni. Nafngreindir höfundar: ... Benedikt Magnússon Beck“.<sup>46</sup> *Ljúflingur* er á s. 371–379 og er fyrirsögn svohljóðandi: „Kvæded Liwf=Lingur ordt af Sal. Syslumannenum I Hegraness Þijnge Benedict Magnussyni Bech med Listugu Læge, sem epter fylger.“ Kvæðið er heilt, en ekki er með erindið úr *Fjandafælu*. Eins og fyrr gat (s. 185) prentaði Jón Þorkelsson forni tvö erindi úr *Ljúflingi* eftir þessu handriti. Næsta kvæði á undan, á s. 191–93, er *Kötludraumur* og er þar 53 tölusett erindi, en oft er kvæðið lengra þegar það fylgir *Ljúflingi* og hér er það engum eignað. Þar á undan s. 350–363 er „Fjandafæla Jons lærda“ og gæti þar verið skýringin á því hvers vegna erindið úr henni vantar hér í *Ljúfling*.

**MS Bor. 132.** Samkvæmt óprentaðri skrá Ólafs Halldórssonar um íslensk handrit í Oxford var handritið skrifað á seinni hluta 18. aldar og saman sett úr óskyldum hlutum. *Ljúflingur* er á bl. 49r–53r með svohljóðandi fyrirsögn: „Liuflingur edur meining B. Bechs yfir Kötludraum.“ Kvæðið er heilt og vísan úr *Fjandafælu* er með. *Kötludraumur* er ekki með í handritinu, enda síður við því að búast þar sem það er samtíningshandrit.

### Nokkur sérkenni handrita *Ljúflings*

Eins og oft vill vera eru ekki öll handrit kvæðisins með fullan texta og tvö eru aðeins brot: Lbs 2170 8vo endar í 3.6 „sannleik“ og JS 400 4to endar í 10.1 „kalla“. Einnig er handritið Lbs 2125 4to, sem er með hendi Sigmundar Long með skemmdan texta. Friðrik Eggerz virðist hafa stytt texta *Ljúflings* í uppskrift sinni í Lbs 936 4to. Í Lbs 1999 8vo vantar tvö blöð, svo að þar eru ekki 35.–58. erindi. Í JS 493 8vo vantar þrjú erindi 18., 38. og 48. Að auki vantar eitt þessara erinda, 38., í þrjú eftirtalin: Lbs 1082 8vo, Lbs 1174 8vo og JS 493 8vo, en ekki er sjáanlegt að einhver sérstök ástæða hafi verið fyrir því að sleppa þessu erindi.

Sérstakt er við eiginhandarrit *Ljúflings* að þar eru á tveimur stöðum tvö orð, þar sem eitt hefði átt nægja, og er þá annað fyrir ofan en hitt fyrir neðan, enda ylli það augljóslega misskilningi ef svo væri ekki sett upp.

<sup>46</sup> Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasafn Landsbókasafnsins*, 2:757. Hér er að athuga við notkun forsetningarinnar „í“, að á titilblaði með yngri hendi en handritið sjálft stendur „á StóraVatns-Horni í Haukadal.“ og sama forsetning er einnig notuð á s. 1.

Fyrri staðurinn er í 48.6 „kiaffta“, en neðan við stendur „kiösa“. Virðist svo sem ætlast sé til, að í þessari ljóðlínu verði val milli orða. Athyglisvert er að eitt handrit, Lbs 1608 4to, hefur bæði orðin og setur upp eins og í frumritinu. Handritið er annars sérlega nákvæmt sem bendir til að skrifað hafi verið beint eftir frumritinu eða mjög náskyldu handriti. Eftirtalin fimm handrit hafa aðeins orðmyndina „kjósa“: Lbs 2125 4to; Lbs 163 8vo; Lbs 1174 8vo; JS 496 8vo; JS 509 8vo. Við þetta er það að athuga, að 509 er forrit 163. Aftur á móti hafa aðeins „kjafta“ eftirtalin átta handrit: AM 960 4to; Lbs 625 4to; Lbs 2856 4to; Lbs 705 8vo; Lbs 769 8vo; Lbs 1082 8vo; ÍB 105 4to; MS Bor. 132.

Hinn staðurinn, þar sem val er milli orða er í 68.1, en þar er fremsta orðið í ljóðlínunni „Nög“, en neðan við er „Æred“. Þann leshátt hafa aðeins tvö handrit: Lbs 1082 8vo; JS 493 8vo, en hin 14 hafa „Nög“.

Í nokkrum handritum hafa ljóðlínur úr 62. erindi verið settar inn í 58. erindi. Í eiginhandarritinu eru 4. og 5. vísuorð í 58. erindi *Ljúflings* svo-hljóðandi:

á himni og jörðu, yfir og undir,  
um eilíft bæði og tímans stundir.

Í eftirtöldum fimm handritum: Lbs 625 4to; Lbs 2856 4to; Lbs 705 8vo; Lbs 769 8vo; ÍB 105 4to hefur þessum vísuorðum verið skipt út og hljóða þau svo í 625:

hátt og lágt á himni og foldu  
hinir dauðu og byrgðir moldu.

Í fyrrnefndum handritum hafa inn í 58. erindi verið sett 4. og 5. vísuorð úr 62. erindi í staðinn fyrir svohljóðandi upphaflegan texta:

hátt og lágt, á himni og foldu,  
hinir neðri, og byrgðir moldu.

Þessar ljóðlínur í 58. erindi eru endurteknar í 62. erindi í þessum handritum, en þó er sá munur, að í seinni línunni er sett „dauðu“ í stað „neðri“.

Ekki er mögulegt að brenglið milli vísna hafi í þessum fimm handritum orðið með þeim hætti, að þau hafi hvert fyrir sig verið skrifuð niður eftir

munnegri geymd. Hugsanlegt væri, að textinn hefði brenglast í einu, þegar það var skrifað eftir munnlegri geymd, en síðan hefðu handritin með erindabrenglið verið skrifuð eftir því. Þar sem frávik eru ekki meiri er líklegast, að hér sé aðeins brenglun í uppskrift. Niðurstaðan af þessum handritasamanburði er í stuttu máli, að breytingar benda til þess að handritin hafi ekki verið skrifuð eftir minni, heldur hafi texti *Ljúflings* gengið í uppskriftum. Hér er því varðveisla *Ljúflings* gjörólik varðveislu *Kötludraums* sem fjallað verður um hér á eftir.

Lbs 2676 4to.

## LJÚFLINGUR

Sensúra mín yfir þennan Kötludraum. B. M. Beck.

1. Sinni trú skal sérhvör lýsa,  
sömu leiðis þar til vísa,  
sem hún er í nokkru naum;  
Ef einhvör vildi eftirhlera,  
eg vil sama í þessu gjöra,  
kímilegum Kötludraum.

2. Ekkert höfuð aðgætninnar,  
aðstan fésjóð trúarinnar,  
leggi í bæli svína sinn,  
og þótt margur í þeim flokki,  
ei vil jeg með þeim ganga stokki,  
framar skal eg meta minn.

3. Á æfentýra örgum bögum,  
Amors dikt og lygisögum,  
ýmsir trúar festa fót,  
en ef réttu eiga að trúa,  
öfugt við því jörkum snúa,  
og sannleiks orði segja á mót.

4. So sem nokkurt sannleiks gildi,  
soddan Kötluvitran skyldi,  
áheyrsla jeg eitt sinn varð;  
þar fyrir eg þetta skrafa,  
því eg vildi brotið hafa,  
í þennan trúarskansinn skarð.

5. Þennan draum eg það um meina,  
því vil eg ei fyrir nokkrum leyna,  
Að hans er gjörvallt A og Ó,  
upprunnið af æðum lyga,  
og útflætt þaðan náttúrliga.  
Æð þá Kollski sjálfur sló.

6. Nú vil eg hér til líklegt leiða,  
og lygaflækju þessa greiða,  
út af nokkra raka rót:  
Að sá Már og mærin Katla,  
menn hafi verið til, jeg ætla,  
þar er ekki margt á mót.

7. En þar ræðir um þann Kára,  
er sem sjávar rísi bára,  
ólgufull í móti mér,  
að hann skuli álfur vera,  
og þó hitt að verkum gjöra,  
á þeim lygi boða ber.

8. Að andi geti kviðgað kvennu,  
þó kynni að veita Amors sinnu,  
það er nipurt narraspil,  
og þessu auk: í þunga svefni,  
þar um ekki fleira nefni,  
skilnings má hér taka til.

9. Skal nú fyrst um álfa inna;  
er það víst í sögum finna,  
að hafi lands fólk heitið það,  
en á þeim eð sögðust svartir,  
sem og þeirra er hétu bjartir,  
elfan gjörði aðskilnað.

10. Eftir þeim nú álfa kalla,  
(: enn þó margur skynji valla,  
hvaðan komið heitið sé :),  
anda þá: sem eigi að byggja,  
inni þau: í fylgsnum liggja;  
Fjandinn upp á fann það spé.

11. Álf og ljúfling út mér legðu,  
enn framar með rökum segðu,  
hvaða sjólum séu það?  
Þessir eiga í hólum heima,  
og hafa marga list að geyma;  
artuglega er andsvarað.

12. Þá hefur Guðdóms góður andi,  
gleymt þeim so sem óviljandi,  
fyrir munn sinn Moisen,  
því sköpunar það skortir letur;  
skoðaðu hvört þú veist ei betur,  
ef sú þekking er þér sken.

13. Ellegar hann í annan máta,  
ekki hefur viljað láta,  
vitnast neitt, að væru fyr,  
skaptir so sem skepnur fleiri;  
skilst mér þessi furðan meiri;  
enn framar eg að þig spyr:

14. Hvað eru þá álfa efni,  
ellegar það þú ljúfling nefnir,  
annað heldur en andskotinn?  
Því ekki munu það englar vera,  
ei eru þeir so vanir að gjöra,  
að byggja í hólum bústað sinn.

15. Það meinleysi ljúflings lýða,  
leiðir þig í freistni stríða,  
að þar fyrir um þá þenkir gott;  
vill þér so í vinskapa svamla,  
viðmóts blíðan Satans gamla,  
og sannleiks hana sýnir vott.

16. En þekkirðu ekki föðurinn fjanda?  
og fornan djöfuls kænsku vanda?  
Litum skipta kaskur kann,  
í ljóssins engils líking björtu,  
líka í Satans fasi svörtu,  
sig manneskju sýnir hann.

17. Lítisigldum líking væga,  
líka viðmóts hegðun þæga,  
eftir tímum temprar hann;  
En ef þú grimmum hjúkrar hundi,  
hvekkir hann þig að síðsta fundi;  
Akurmaðurinn orminn fann.

18. Hér fyrir, þér satt að segja,  
(: um soddann ber mér ekki að þegja,  
glæp ef vildir þekkja þann :),  
hvör sem ljúfling heima byggir,  
helgan skara í burtu styggir,  
en að sér hyllir Andskotann.

19. Þykir mér nú þessi Kári,  
þreifanlegur skrattans ári,  
er Kötlum téði kjasslætið,  
því anda mun það ekki fjærri,  
en engill kemur þar hvörgi nærri,  
litt á söngur sjóferð við.

20. Að andi mannkyn af sér færði,  
andi Drottins fæsta lærði,  
hvaðan mun sú vitska veitt?  
Því uppfyllingar orðið ríka,  
ei hefur hjá þeim verkan slíka,  
það kemur ekki þar við neitt.

21. En að andar af sér fæði,  
anda: so þeir fjölgun næði,  
rammað hvörgi í ritning fæ,  
því að þeirra fjöldinn fyrsti,  
frjófleiks allan getnað missti,  
hann er sami sí og æ.

22. Viltu því ei með mér meina,  
missýning hafa verið eina,  
ef að þessi er saga sönn?  
Ellegar Kollski í Kára líki,  
Kötlum byði linna síki,  
og litist henni í legorðs önn?

23. Þá og helst í þriðja lægi,  
það hún slíkt í draumi sæi,  
álfatrúin til aðstoðar,  
so mönnum yrðu meir tíðkaðir;  
En Már hafi verið barnsins faðir,  
og Kár til einginn komið þar.

24. Fyrir því, eg fortæk eigi,  
fjandinn ekki krafta meigi,  
á sig taka mynd eins manns,  
og verulega í vöku eða draumi,  
veifa slíkum losta glaumi;  
mörg eru vélin morðingjans.

25. Og þótt fjandinn orka næði,  
eitt þreifanlegt holds samræði,  
fremja: þó sé fáheyrt það,  
ómögulegt er samt honum,  
að eiga þar af barn í vonum;  
Ei get eg því andsvað.

26. Nú: þar sannleik segðir þetta,  
sannleik gjörðir ritning fletta;  
sjá hvað af þar vaxa vann:  
sköpun Drottins hvílst ei hefur,  
honum ef þann titil gefur,  
hann skapi að nýju úr skratta mann.

27. Þá er annað, þessu verra;  
þar eð ræðir lífsins herra,  
að hold sé allt af holdi fætt,  
en andi hvað sem er af anda;  
Er hið sama að tala um fjanda,  
ef af honum yxi ein ætt.

28. En síst mun verða Satans andi,  
seirna lífsins aðnjótandi,  
öll ritning það afskaffar;  
þá er, sem Guðs viljinn væri,  
vísvitandi (: ef so til bæri :),  
að gjöra mann til glötunar.

29. Eður, með fjandann haft sem hefur,  
hvört hún vakir eða sefur,  
Guð hafi henni gefið inn,  
sorphænunnar eðlisynði,  
en til böðunar<sup>47</sup> sér fyndi,  
sjálfan djöful, sorphauginn.

30. Yfirgengur einninn líka,  
endurlausnarverkið ríka,  
þessi furðufæðing ný;  
Á veg hvörn sem því velta næði,  
vex þar út af loksins bæði,  
guðlöstun og gikkerí.

31. En andi Drottins öllum bannar,  
orð sitt, nafn, og dýrkun sanna,  
að leggja nokkra löstun við,  
nú ef eirn það gálaus gjörði,  
galinn er hinn það ekki verði,  
báðir rjúfa boðorðið.

32. Óguðlegt ef einhvör segði,  
eg það heyrði, og við því þegði,  
eitt til samans etum brauð,  
innvinkla mig í hans syndum,  
en afræki með huga blindum,  
að gæta þess sem Guð mér bauð.

33. Gikkerí við Guð að blanda,  
og göfug verkin Drottins handa,  
hvörminn mun þér þykja það?  
soddan aðferð söggugliga,  
sjálfum honum móttæðliga,  
álfatrú fær orðsakað.

34. Sé jeg nú kominn af þeim Ara,  
ættar minnar vegna svara,  
er eg þá kominn eins af Már,  
en ekki af nokkrum engli eða anda,  
álfi, ljúfing, dverg eður fjanda,  
sem í draumnum kallast Kár.

35. Hvör sem kemur að vatni víða,  
og vílar aldrei fram í ríða,  
rammar stundum reginhyl,  
ef sá framar hér um hirti,  
og háttalögin fyrir sér virti,  
betur fyndi botnsins til.

36. Hvör eyrum gjörir að öllu snúa,  
og utan beþenkingar trúá,  
segjast má hann fari á flot,  
en festi hvörgi fót í grunni,  
flýtur so í ráðleysunni,  
og líður tíðum leitt skipbrot.

47 'böðunar', ekki er ljóst hvort lesa skuli svo eða 'boðunar', orðið krabbað.

37. Best er trúarhúsið hafi,  
hættulausa máttarstafi,  
so sem nokkurn fastan fót,  
en ef það byggir upp á sandi,  
ekki er von til lengi standi,  
betur fer í botninn grjót.

38. Efni sannleiks: ástæðunni,  
uppleitist af skynseminni,  
hér til bendir herrans orð,  
en sú botnlaus lokalygi,  
lík hjá sínum Herra því,  
skúfist undir skilnings borð.

39. Herrans annaðhvört í orðum,  
eður vitsins byggðum skorðum,  
trúin festi takmarkið,  
og þótt ei hið fyrra fái,  
framar öllu þar til sjái,  
að heiður drottins haldist við.

40. Sett hefi eg fram af sagna rana,  
að söggug trú um ljúflingana,  
halli og skerði Drottins dýrð,  
en hvör sem þar um þenkja vildi,  
þreifanlega finna skyldi,  
hún vottar líka vitsins rýrð.

41. So sem eitt í sagnir færði,  
son Guðmundar Jón hinn lærði,  
og diktaði úr því drápu brag:  
Að sérhvern holds þeir sýndu kanta,  
en sálina skyldi þó til vanta;  
kátlegt ásíðkomulag.

42. Að andarlaus þaug álfa hýði,  
inn um kletta og jörðu skríði,  
sem að þó er andans art,  
en ófært mönnum alla vegu,  
utan hinum dýrðarlegu,  
sem hafa átekið himna skart.

(: verba sunt Authoris Jonæ:)<sup>48</sup>  
Hafa þeir bæði heyrn og mál,  
hold og bein með skinni,  
vantar ei nema sjálfa sál,  
sá er ei hluturinn minni.

43. Eins og nú um afkomendur,  
Andskotans (: sem fyrir stendur, :),  
orði Drottins er í gegn,  
so er og einninn slaðrið þetta,  
Satans gruggug lyga skvetta,  
skyni kristins manns um megn.

44. Að vér Guðs sem ein mynd erum,  
anda og hold að skapnað berum,  
hinna gáfur höfum síst,  
í so þörfum holdsins háttum,  
sem heilagir fyr, þó ekki máttum;  
slíkt einbera lygi list.

45. Nú er annað í því fræði,  
um vitsmuna þeirra gæði,  
sem Jón lærði segir frá,  
að manns aldur: auðnu rósir,  
og hvað meir þú hjá þeim kjósir,  
giski að forsögn auðvelt á.

48 Sviga lokað af útgefanda. Fyrirsögn á latínu merkir orðrétt: 'Orð eru höfundar Jóns'. Þetta er 60. erindi úr kvæði Jóns Guðmundssonar lærða, *Fjandafalu*, sem er óprentuð í heild, en þetta erindi er prentað í *Þjóðsögum Jóns Árnasonar*, 1:4.

46. Enn erum vér og allur lýður,  
álfunum í þessu síður,  
eftir Adams fallið fyst,  
so sem þeirra sóma gæði,  
sívaxandi í blóma stæði,  
en vér gáfur allar misst.

47. Er nú hvörjum auðráðandi,  
af yfirburða slíku standi,  
sem heilagir væru víst;  
En sú Jóns lærða sama drápa,  
soddan titil lætur glápa,  
og lofgjörð þá þeim leggur síst.

48. Þegar hann segir: þar við liggi,  
þessa ef nokkur álfa styggi,  
heilsu, lukku og heilla bann,  
en hinn sem við þá heldur ræktir,  
hafi vissar auðnu nægtir,  
og hvað eitt er<sup>49</sup> kjafta<sup>50</sup> kann.

49. Soddan get eg sérhvör skilji,  
so sem djöfull hér með vilji,  
nauðga manni að sinna sér,  
og ýmist það með eftirlæti,  
ellegar hinu verra sæti,  
þeir sem að eru þverlynder.

50. Af því hann veit sig allir hata,  
og ekkert kunni það að bata,  
nema soddan narraspil,  
að undir slíku álfa nafni,  
ástum til sín margur safni;  
þetta kemur nú þanninn til.

51. En hatur slíkt og hefnd álfanna,  
er hafa þeir til mannskepnanna,  
kalla eg Djöfuls kontrafei,  
á þeim sem ei áfram gana,  
í ást og trú við ljúflingana,  
og sið uppteknum segja vei.

52. Hann lætur sig og ljúfling nefna,  
so langt skuli ekki nafnið stefna,  
frá því sem vorn köllum Krist,  
ljúfan Guð: með lofi hvellu;  
að laumi inn sinni skarnkapellu,  
þar sem kirkja Guðs fær gist.

53. Lærða Jóns það ljúflings kvæði,  
læt eg við sín blífa gæði,  
og andsvars meir ei virða vil,  
því ein þar lygin aðra rekur,  
eins og þegar í strokki skekur,  
það hefur eingin skilning skil.

54. Utan hvað það af sér gefur,  
að sá kvæðið baglað hefur,  
hafi ljúfling haft á dyn,  
og ærður verið af þeim fjanda,  
en ekki stjórnað Guðs af anda,  
sem honum væri skroppið skyn.

55. Hermdu mér nú: hvað til kemur,  
hinum sem ei við þá semur,  
vill þó ekkert verra til,  
og tráss þeim: niður traðka að botni,  
en treysta sínum himna Drottni,  
gjörðu hér á grein og skil?

49 „Er“, krabbað, óviss lesháttur.

50 „kiafta, kiösa“, fyrir neðan, svo að sjá sem höfundur hafi viljað hafa val um orðin.

56. Mun það ekki mega valda,  
að megna þeir ei neitt til gjalda;  
þeim sem Drottinn hefur á hönd?  
hér fá djöfla hrök að stúta,  
og höku stallinn láta slúta,  
sem hreyfa loppin hundtík vönd.

57. Orðin Pauls: sig öll kné beygi,  
undir jörðu: og niður sveigi,<sup>51</sup>  
koma og ekki hér við hót,  
þar eð allmjög annar staðar,  
augun hvar sem til þú laðar,  
öll Guðs ritning er því mót.

58. Sancte Paull um dyrkun dýra,  
Drottins: vill hér glöggt fraskýra,  
sem hvör<sup>52</sup> öðrum sýna ber,  
á himni og jörðu, yfir og undir,  
um eilífð bæði og tímans stundir,  
eins þeir neðri andarner.

59. Þeir mega nauðugt lotning líka,  
lausnaranum veita slíka;  
eirninn dauðir undir fold,<sup>53</sup>  
í tilliti: að upprísandi,  
allir slíka dýrkan vandi,  
þá sálu er aftur samtengt hold.

60. Hvörra þeirra hann hér til meinar,  
hafa ei kanntu getur neinar,  
að þar ljúfling meini hann með,  
sem aldrei vissi hann áður vera,  
af orði Guðs né skapnað bera,  
soddan kom honum síst í geð.

51 Á spássiu: „Phil: 2. ps: 10’.

52 Hér er skr. „hvór’, þ. e. „hvör’.

53 Á spássiu: „Conf: Rom. 14. Ps: 10.11’.

54 Á spássiu: „Esa: 45: Ps: 23’.

55 Á spássiu: „Apoc: 5. v: 13’.

61. Áþekk orð þar einninn hljóma,  
Í Esajæ spádóma<sup>54</sup>  
einum stað: af anda Guðs;  
og Johannes eins í sinni,  
Opinberingarbókinni,  
setur eitt til samjöfnuðs.<sup>55</sup>

62. Allir þessir ásamt greina,  
um þá dýrð og lotning hreina,  
sem hvör Drottinn sýna skal,  
hátt og lágt, á himni og foldu,  
hinir neðri, og byrgðir moldu,  
so sem fyr eg setti í tal.

63. En það Guðs andi þenkti aldrei,  
þeim að skyldi koma degi,  
álfatrú af orðum hans,  
yrði stiftuð meðal manna,  
móti hans dýrð og boði sanna,  
eftir þóknun Andskotans.

64. Og ef þennan auka skara,  
(: óefað eg hér til svara: ),  
hefði í fyrstu herrann skapt,  
oss það mundi án alls vafa,  
almætti sitt kunngjört hafa,  
og orð hans eitthvað um það haft.

65. Þú sem nú ei þreifanlega,  
þetta sér: ef grandvarlega,  
grundar það með greinum sín,  
og ei að heldur af vilt láta,  
álfatrú í nokkurn máta,  
vertu þá í villu þín.

66. Og eigðu það so undir kasti,  
að frá soddan Guðs nafns lasti,  
hvört þú vaðir þanninn þurt,  
og einum Guði allt eins líki,  
orðum hans þó nokkur flíki,  
og færi hans æru úr farveg burt.

67. Kennifeður Kristi lýða,  
í kærleik bið eg móti stríða,  
þessum vonda villudóm,  
so ei líði hann sínum þjóðum,  
slíkt mun þóknast Drottni góðum,  
að hans til baka reki róm.

68. Nóg<sup>56</sup> hefur sér hvör við að vinna,  
velferðar til efna sinna,  
með sitt trúar mustarðskorn,  
þó ei það brúkist án þarfinda,  
til ótérlegs eða meiri synda,  
því er að setja þessu sporn.

69. Ljúfpling heita læt eg kvæði,  
líka hina máské bæði,  
sem því trúar gefa gaum,  
að þær jarðar undirrofur,  
annað séu enn djöfla vofur.  
Kveð eg so lumpinn Kötludrau.

<sup>56</sup> ‚Nög‘, einnig skr. ‚Æred‘ neðan við, sbr. athugasemd við 48.6; ‚sier‘ skr. ofan línu, vísað niður.

## II

### GREIN GÍSLA SIGURÐSSONAR „KÖTLUDRAUMUR FLÖKKUMINNI EÐA ÞJÓÐFÉLAGSUMRÆÐA?“

Hér í upphafi var nefnd grein eftir Gísla Sigurðsson í 9. bindi *Griplu* frá 1995, þar sem fjallað er um *Kötludraum*. Meginkenning hans þar er að kvæðið hafi orðið mjög vinsælt vegna strangleika *Stóradóms* frá 1564 og vinsældir kvæðisins sýni að hugarheimur margra landsmanna hafi ekki verið rígbundinn við lög og ríkjandi trúarbrögð. Stóridómur var eins og kunnugt er „um frændsemi- og sífjapell, hórdóm og frillulífi.“<sup>57</sup> Hér verður grein Gísla tekin til nokkurrar athugunar, en einkenni hennar er, eins og nokkuð algengt hjá mörgum öðrum fræðimönnum, að leggja mikla áherslu á djarfar kenningar en sinna lítt rannsóknnum á frumheimildum. Vitaskuld er gott og blessað að vera með kenningasmíð, en þá verður að reyna að sannreyna þær eftir því sem hægt er og vita hversu vel þær standast skoðun og gagnrýni.

Jón prófessor Helgason hugsaði sér að gefa *Kötludraum* út í *Íslenskum miðaldakvæðum*, en annað hefti fyrri bindis kom árið 1936 og var útgáfan framhald af *Den norsk-islandske skjaldedigtning* (1908–15). Um síðari tímamörkin fórust honum svo orð á kápu fyrri bindis:

Den anden grænse sættes ved reformationens sejr, idet udgiveren dog af flere grunde ikke har kunnet holde sig strengt til tiden før 1550, men har optaget nogle digte, som vistnok først er skrevet i den følgende overgangstid (indtil ca. 1580).<sup>58</sup>

57 *Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*, 14. b. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1944–1949), 271–276. Þar er texti *Stóradóms* prentaður og vísað í mörg handrit og prentanir.

58 Jón Helgason, *Íslensk miðaldakvæði*, 2 b. (Kaupmannahöfn: Gyldendal og Ejnar Munksgaard, 1936–38).

Varðveisla og heimildir um íslenskan skáldskap frá þessum tímum eru með þeim hætti að aldur margra kvæða verður alltaf óviss því að þau eru varðveitt í mjög misgömlum uppskriftum og þess vegna var tímaafmörkunin mjög eðlileg. Því miður kölluðu aðrar annir að og Jóni auðnaðist aldrei að gefa út meira til viðbótar en annað bindi *Íslenzkra miðaldakvæða* 1938. Í þriðja bindi átti að koma veraldlegur kveðskapur frá þessum öldum, en hann er enn að verulegu leyti óprentaður og er það eitt versta gatið í útgáfum íslenskra texta frá miðöldum. Í því bindi átti *Kötludraumur* að koma, en hann heyrir til þeim flokki kvæða, sem oft hafa verið kölluð sagnakvæði, því að efni þeirra var sótt í sagnir eða ævintýr. Ólafur Davíðsson gaf út átta sagnakvæði og *Kötludraum* þar fremstan, enda var hann vinsælastur þeirra allra.<sup>59</sup>

### Varðveisla *Kötludraums*

Í upphafi greinar er þess getið, að Jón Helgason hafi þekkt „um 80 handrit Kötludraums frá síðari hluta 17. aldar og fram á 19. öld, eða fleiri handrit en af öðrum sambærilegum kvæðum.“<sup>60</sup> Rannsókn Gísla Sigurðssonar grundvallast eingöngu á stafréttum uppskriftum Jóns Helgasonar á 12 handritum kvæðisins í mismunandi gerðum, en ekki er reynt að meta hvort þau séu gott sýnishorn af handritum þess. Sett er upp skýr tafla yfir handritin, þar sem fram kemur safnmark, aldur og gerð kvæðisins. Þegar lítið er á safnmörk handritanna, sést að þrjú eru í Landsbókasafni, en það elsta er frá því um 1800. Hin níu eru í Árnasafni eða Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn og eru þau öll eldri en handritin í Landsbókasafni. Af þessu sést að Jón hefur skrifað upp þá texta *Kötludraums* sem hann hafði í Kaupmannahöfn, þegar hann var að fást við *Íslenzk miðaldakvæði*. Jón virðist því hafa gert þetta áður en ljósmyndun handrita varð almenn og lítið sinnt *Kötludraumi* eftir það. Þess vegna hefði getað verið ástæða til að geta um fleiri handrit en þessi 12, en í Landsbókasafni er meiri hluti handrita *Kötludraums*. Má þar á meðal nefna títtnefnt handrit *Lystiháf*, Lbs 2676 4to, sem er frá því um 1700. Ekki hefði verið slæmt að hafa skrá um öll handrit kvæðisins, sem Jón Helgason þekkti.

Sem dæmi um handrit, sem Jón Helgason notaði ekki, má nefna að

<sup>59</sup> *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 4:4–95.

<sup>60</sup> Gíslí Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 189.

í Stokkhólmi eru samkvæmt handritaskrá Gödels fjórar uppskriftir af *Kötludraumi*, en þær eru: Papp. fol. nr 35 skrifað af Helga Ólafssyni 1686–87; Papp. fol. nr 60 skrifað af Jóni Eggertssyni 1683–88; Papp. 4to nr 2, sem sagt er hafa borist þangað með Jóni Eggertssyni; loks er að nefna Papp. 8vo nr 9, en þar eru aðeins tvö fyrstu erindin.<sup>61</sup> Í brunanum í Kaupmannahöfn 1728 fór kveðskapur seinustu alda illa og þess vegna er alltaf mjög mikilvægt að skoða kvæðahandrit í Stokkhólmi, því að þar eru oft merkilegir textar, sem ekki finnast betri annars staðar. Einnig er eins víst, að víða geti fundist handrit með góðan texta af *Kötludraumi*, sem Jón Helgason var ekki búinn að athuga.

Gísli Sigurðsson segir:

Jón Helgason hefur skráð allmikinn orðamun úr öðrum handritum en ekki verður ráðið af blöðum hans hvort hann hafi þegar komist að þeirri niðurstöðu að þetta væru einu uppskriftirnar sem voru skráðar beint úr munnlegri geymd.<sup>62</sup>

Ekki er víst að allar þessar uppskriftir séu úr munnlegri geymd, því að einhver handrit hafa hlotið að vera skrifuð eftir öðrum handritum. Ekki er heldur getið úr hvaða handritum orðamunur var tekinn eða hversu víðtæk rannsókn Jóns var á handritum kvæðisins.

*Kötludraumur* er annars meðal þeirra texta sem varðveittur er í einna flestum handritum og þess vegna yrði sérlega erfitt að gefa hann út með hefðbundnum aðferðum eftir samanburð allra kunnra handrita og reyna eftir því að finna þann texta, sem næstur gæti verið frumtexta höfundar. Vegna varðveislunnar hlýtur að þurfa að gefa út fleiri en einn texta, en ekki verður hægt að segja hversu marga fyrr en að lokinni rannsókn handrita. Þar sem margir textar kvæðisins eru skrifaðir upp eftir munnlegri geymd, er óvíst um árangur í hlutfalli við erfiði. Gísli leggur eðlilega ekki í þetta, en vart hefði verið illa til fundið að fara fram á að einhverju hefði verið aukið við handritarannsókn Jóns Helgasonar. Í rannsókn Jóns kom fram, að *Kötludraumur* er til í tveimur gerðum, A (styttri gerð) og B (lengri gerð), eins og glögglega er tekið fram, en einnig skipti Gísli handritum A-gerðar

61 Vilhelm Gödel, *Katalog öfver Kongl. bibliotekets fornisländska och fornorska handskrifter*, 1. b. (Stokkhólmi: Nærstedt, 1897), 145–148; 172–175; 259–261; 368–370.

62 Gísli Sigurðsson, „*Kötludraumur*,“ 193.

eftir lengd í *A1*, lengri, og *A2*, styttri.<sup>63</sup> Hugsanlegt er, að gerðirnar geti verið fleiri en þessar tvær, en það gæti komið í ljós við nána rannsókn.

Annars hlýtur hér að vakna spurningin: hvenær er rétt að tala um sérstaka gerð texta? Hvað þarf mikil frávik til þess að það verði hægt? Þar sem kvæðið var oft skrifað eftir því sem menn kunnu hefur mismunur á handritum orðið mun meiri en af öðrum textum. Þess vegna er hugsanlegt að tala megi um fleiri sérstakar „gerðir“ af aðalgerðunum. Eins og áður sagði hljóta einhver handrit að hafa verið skrifuð upp eftir öðrum handritum. Brún ástæða er því til þess að kanna fjölda handrita af hvorri gerð fyrir sig. Svo mætti spyrja hvort ástæða væri til að prenta sérstaklega gerðir, sem eru mjög afbakaðar. Eru t.d. færri handrit af B-gerð heldur en A-gerð og hvernig er aldurskipting handrita gerðanna? Með öðrum orðum var B-gerðin algengari í ungum handritum eða er það öfugt. Hér vaknar spurningin: Ef niðurstaðan yrði, að B-gerðin væri miklu yngri en A-gerðin, ætti unga gerðin heima í útgáfu á miðaldakvæðum?

## Aldur *Kötludraums*

Eins og algengt er með texta, sem ekki er vitað um höfund að, er aldur óljós. Elstu heimildir um *Kötludraum* eru *Grænlands annál* Jóns lærða frá því upp úr 1620 og einnig endurtekur hann sig nokkuð í riti sínu *Samantektir um skilning á Eddu*, sem hann samdi 1641 að beiðni Brynjólfs biskups Sveinssonar vegna fyrirhugaðs rits biskupsins um fornan norrænan átrúnað, sem ekki er kunnugt um að neitt hafi orðið úr. Jón lærði ræddi nokkuð mikið um leiðslur, sem Brynjólfur biskup virðist hafa spurt sérstaklega um, m.a. fornar leiðslur eins og *Duggals* og *Furseusar leiðslur*, sem Jón lærði þekkti í fyllri gerðum en nú eru enn varðveittar. Hér taldi hann til leiðslna m.a. *Kötludraum* og *Skíðarímu*, sem er víðari skilgreining en lengst af hefur tíðkast. Á þessum árum voru leiðslur mjög umtal- aðar, þótt þær þættu ekki rétt guðfræði.<sup>64</sup> Jón lærði vísaði til A-gerðar *Kötludraums*, sem sést glögglega af því, að sonur Kötlu og huldumanns-

63 Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 191–192.

64 Einar G. Pétursson, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*, 1:377–389, 1:397–398. Á s. 383 er haft eftir Ólafi Halldórssyni að í *Grænlands annálum* hafi Jón lærði bæði notað *Kötludraum* og *Landnámu* í *Hauksbók*. Um aðalpersónur *Kötludraums*, Ara, Má og Kötlu, sjá tilvísanir í 84. nmgr. hér á eftir.

ins Kárs hét Ari, en ekki Kári eins og í B-gerðinni. Ari var hann einnig nefndur í riti Einars Guðmundssonar,<sup>65</sup> ef marka má endursögn Þormóðs Torfasonar. Loks er að geta, eins og segir hér í niðurlagi greinar, er í ættartölubókunum frá því um miðja 17. öld vitnað til A-gerðar *Kötludraums*. Með öðrum orðum vitna allar elstu heimildir um kvæðið til A-gerðar þess, sem bendir til að hún sé eldri en B-gerðin.

Eins og Gísli rekur er ein uppskrift *Kötludraums* með hendi Árna Magnússonar í AM 154 VI 8vo, en þar vantar niðurlag textans.<sup>66</sup> Handritið er uppskrift á blöðum, sem Árni fargaði síðan, en voru með handritinu AM 622 4to, sem skrifað var um 1549. Um aldur blaðanna sagði Árni: „... en bokin fialf nockru elldre, þo ecki mycklu, fem af fkriftenne er ad fia.“<sup>67</sup> Samkvæmt þessum orðum er ekki gott að tímasetja hin glötuðu blöð úr 622 af nákvæmni, en sennilega hefðu þau getað verið frá seinni hluta 16. aldar. Aldur handrits þarf ekki að segja annað um aldur textans en að hann er ekki yngri, heldur eitthvað eldri, en hversu mikið?

Texti *Kötludraums* í AM 154 VI 8vo verður með vissu rakinn lengra aftur en nokkur annar texti kvæðisins og því er rétt að athuga málfar. Þess vegna fékk ég fyrir löngu Kristjáni Árnasyni prófessor í málfræði uppskrift kvæðisins eftir því handriti til athugunar. Niðurstaða hans var sú, að í texta kvæðisins er fylgt reglum um gamla hljóddvöl, ungleg máleinkenni væru þar ekki, þ.e. orð með stuttum áhersluatkvæðum báru ekki fullt ris eins og oft kemur fyrir í ungum kvæðum, sem ort eru undir fornum háttum.<sup>68</sup> Þetta bendir með öðru sterklega til þess að kvæðið sé eldra en siðaskipti. Hér vaknar einnig spurningin hvernig er reglum um forna hljóddvöl fylgt í elstu handritum B-texta *Kötludraums*?

Gísli Sigurðsson vitnar til orða Jóns Helgasonar í bókmenntasögunni í *Nordisk kultur* um aldur sagnakvæða.<sup>69</sup> Þar segir um þau og *Kötludraum*: „genren er uden tvivl ældre end reformationen. ... Stemningen er tungsindig: håbløs kærlighed, som ikke biver gengældt.“<sup>70</sup> Vart er að vænta í slíku yfirlitsriti, að tilgreind séu einhver sérstök rök fyrir tímasetningu,

65 Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 207–208.

66 Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 191–192.

67 Kálund, *Katalog*, 2:36.

68 Kristján Árnason, munnleg heimild.

69 Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 208.

70 Jón Helgason, „Norges og Islands digtning,“ í *Litteraturhistoria*, B, *Norge og Island*, Nordisk kultur, 8. b. (Stokkhólmi: Bonnier, 1953), 167–168.

enda fór höfundurinn hér langt fram yfir sett lengdarmörk ritgerðarinnar.<sup>71</sup> Rétt er að líta á hvaða forsendur Jón Helgason hafði til að fullyrða afdráttarlaust um aldur sagnakvæðanna og reyndar annars kveðskapar frá svipuðum tíma. Eins og fyrr sagði gaf Jón út kveðskap frá öldunum fyrir og um siðaskipti í *Íslenzkum miðaldakvæðum*. Þar athugaði hann í innangi fyrir hverju einstöku kvæði málstig þess og leiddi rök að því með dæmum úr málfari, hvort kvæðið væri gamalt eða ungt. Má sem dæmi nefna athugasemdir hans við kvæðin „Jöfur gefi upphaf“ og „Eg vil lofa eina þá“, en auðvelt væri að nefna miklu fleiri.<sup>72</sup> Af þessu er ljóst, að Jón Helgason hafði betri forsendur en flestir aðrir til að meta aldur sagnakvæðanna eftir málfari og að auki hafði hann yfirgripsmikla þekkingu á bókmenntum þessa tíma. Þess vegna er ekki hægt að draga í efa tímasetningu hans án þess að færa gild rök fyrir því. Um fyrrnefnda tímasetningu Jóns Helgasonar segir Gísli aftur á móti: „Hann færir þó engin sérstök rök fyrir þeirri aldursákvörðun en hefur líklega í huga orð Jóns lærða um að kvæðið sé gamalt og alkunnugt á hans dögum.“<sup>73</sup>

Ekki nefndi Jón Helgason nafna sinn lærða sem heimild um aldur sagnakvæðanna og þetta eru ekki sterk rök ein og sér, eins og sést af orðum hans í álíka tilviki um aldur *Móðars rímna*. Jón lærði nefndi í *Tíðfordrifi* ævintýri af Móðari og taldi hann álfakyns og sagði: „Forgamlar rymur eru þar af kuednar. þær eru heirdar vyda“.<sup>74</sup> Hér kemur fram, að Jón lærði taldi rímurnar mjög gamlar, en þegar Jón Helgason bjó *Móðars rímur* til útgáfu, athugaði hann málstig þeirra og sagði: „Aldur ... verður ekki ákveðinn með öruggri vissu, en málstig þeirra bendir eindregið til nýrra tíma.“<sup>75</sup> Eftir að hafa rakið nokkur ungleg einkenni í málfari rímnanna sagði hann:

Það kemur ekki til nokkurra mála að rímur með þessum auðkennum séu frá 15. öld eins og Jón Þorkelsson hefur látið sér koma til hugar. Ef ekki væru ummæli Jóns lærða (sem að vísu er ekki handvíst að eigi við þessar rímur, en hlýtur þó nálega að vera, því að engar

71 Sigurður Nordal, *Um íslenzkar fornsögur*, þýð. Árni Björnsson (Reykjavík: Mál og menning, 1968), 10.

72 Jón Helgason, *Íslenzk miðaldakvæði*, 2:128 og 271.

73 Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 208.

74 *Móðars rímur og Móðars þáttur*, útg. Jón Helgason, Íslenzk rit síðari alda, 5. b. (Kaupmannahöfn: Hið íslenzka fræðafélag, 1950), v.

75 Sama rit, viii.

aðrar eru til), mundu Móðars rímur sennilega hiklaust taldar frá 17. öld, og með engu móti geta þær verið eldri en frá síðara eða síðasta hluta hinnar 16. (sbr. Björn Þórólfsson: Rímur fyrir 1600, bls. 510). Þess má geta, þótt naumast vegi þungt um aldur, að skáldinu liggja heldur vel orð til klausturlífnaðar (II 58–60). Hvernig sem að er farið, hlýtur Jón lærði að hafa rangt fyrir sér að kalla rímurnar »forgamlar«, en af því orði má ráða að hann hafi ekki vitað þær eignaðar nafngreindum manni; það má þó mikið vera ef höfundur þeirra hefur ekki lifað fram á daga Jóns. En helzt er að sjá að rímurnar hafi eingöngu geymzt í munnmælum (sbr. orðin: þær eru heyrðar víða), og gat nafn skáldsins þá fljótlega gleymzt.<sup>76</sup>

Af þessum orðum sést glögglega, að Jón Helgason lagði lítið upp úr orðum nafna síns um aldur *Móðars rímnna*, þar sem þau voru ekki í samræmi aldurseinkenni í málvari rímnanna sjálfra. Annars höfðu menn á fyrri tímum ekki sömu forsendur til að meta aldur rita og fræðimenn hafa nú á dögum, og því er lítið mark hægt að taka á fullyrðingum eins og þessum hjá Jóni lærða um aldur *Kötludraums*, nema aðrar traustar heimildir komi til. Af þessu er ljóst að Jón Helgason hefur alls ekki getað stuðst eingöngu við óljós orð Jóns lærða um aldur kvæðisins.

Einar Ól. Sveinsson taldi *Kötludraum* elstan sagnakvæðanna og hin sagnakvæðin vera ort að fyrirmynd hans. Liggur beinast við að álykta að þannig hafi hann skýrt vinsældir kvæðisins, en aftur á móti er helst að sjá að Einar Ólafur hafi talið sagnakvæðin frá því um siðaskipti, en annars tímasetti hann þau ekki af nákvæmni og kvæðin eru samkvæmt skoðun hans misgömul.<sup>77</sup> Ekki er hér talin ástæða til að rekja skoðanir fleiri fræðimanna á aldri *Kötludraums* fram yfir það, sem gert er, enda talið víst að þar sé ekki byggt á neinum sjálfstæðum rannsóknum.<sup>78</sup> Hér verður að geta um nýlega athugun Hauks Þorgeirssonar á sögu fornryðislags, en þar rannsakaði hann aldur eins sagnakvæðis, *Gullkársljóða*, og var niðurstaða hans

76 Sama rit, viii–ix.

77 Einar Ól. Sveinsson. *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*, Folklore Fellows' Communications, 83. b. (Helsinki: Academia scientiarum Fennica, 1929), lxx–lxxvi; Einar Ól. Sveinsson, *Um íslenskar þjóðsögur* (Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés, 1940), 81.

78 Gisli Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 208–209.

að það kvæði væri frá því um 1350.<sup>79</sup> Ef sagnakvæðin eru frá svipuðum tímum, bendir þetta sterklega til að *Kötludraumur* sé frá því fyrir siðaskipti. Í framhaldi af umræðu um aldur *Kötludraums* segir Gísli:

Hægt er að efast um hvort það er raunhæf spurning að spyrja um aldur kvæðis á borð við *Kötludraum*. Texti kvæðisins í elstu handritum er svo breytilegur að engar ályktanir er hægt að draga af þeim um aldur eða orðalag hinnar \*upphaflegu gerðar. ... Í stað þess að huga að aldri getum við reynt að halda okkur við hinar varðveittu uppskriftir.<sup>80</sup>

Síðan er farið að reyna að tengja vinsældir *Kötludraums* á 17. öld við *Stóradóm*, sem settur var á Alþingi árið 1564 eins og áður sagði.

Hér var mikið gert úr því að ekki sé hægt að fullyrða neitt um upphaflega gerð *Kötludraums* og texti kvæðisins sé breytilegur, sem er vissulega rétt, þótt það þyrfti að rannsaka betur en gert hefur verið til þessa. Þessu mælir þó í gegn, að elsta varðveitta gerð *Kötludraums* hefur fornleg mál-einkenni, sem benda fremur til hás aldurs, og í elstu heimildum um kvæðið er vitnað til sömu gerðar þess.

## Hjúskaparbrot giftra kvenna og *Stóradómur*

Að gömlum og góðum íslenskum sið verður byrjað á að athuga viðhorf fornmannanna. Lúðvík Ingvarsson hefur rannsakað rækilega hjúskaparbrot kvenna, og hann sagði að af Íslendinga sögum verði ráðið, „að almennt hafi ekki verið tekið hart á hjúskaparbrotum kvenna.“ Hann rakti síðan nokkur dæmi úr Íslendinga sögum og segir þar m.a.:

Þuríður kona Þórodds skattkaupanda hélt við Björn Breiðvíkinga-kappa og átti barn með honum, þó að leynt færi, og Oddný kona Þórðar Kolbeinssonar átti vingott við Björn Hítðælakappa. Báðar þessar konur bjuggu áfram með eiginmönnum sínum og er ekki getið neinna refsinga við þær.

79 Haukur Þorgeirsson, „*Gullkársljóð og Hrafnagaldur*. Framlag til sögu fornryðislags,“ *Gripla* 21 (2010): 315.

80 Gísli Sigurðsson, „*Kötludraumur*,“ 209.

Síðar sagði Lúðvík: „Grágás gerir ekki ráð fyrir, að hór sé lögmæt ástæða til hjónaskilnaðar, og aðrar heimildir geta ekki um, að hjónaskilnaður hafi orðið fyrir hórdómsbrot konu.“ Þessu til staðfestingar eru rakin dæmi úr *Sturlungu*.<sup>81</sup> Af þessu er ljóst, að hórdómsbrot kvenna voru ekki talin mjög refsiverð.

Þetta átti nú aðeins við Þjóðveldisöldina, en tímarnir voru breyttir þegar *Stóradómur* tók gildi, þótt minningin um mildara viðhorf hefði getað lifað töluvert lengi og haft áhrif. Brot gegn *Stóradómi* voru alla tíð algeng, sem sýnir andvaraleysi um hann. Dómurinn hefur samt hlotið að vera mjög umtalaður og ef til vill skilið eftir sig spor í bókmenntunum. Ef spurt yrði hvort skáld yrki fremur um það sem er algengt eða sjaldgæft, þá hlýtur að verða að svara því játandi, ef vinsældir *Kötludraums* eiga að standa í sambandi við staðfestingu *Stóradóms*. Því er rétt að spyrja í því sambandi, sem ekki er gert í grein Gísla Sigurðssonar, hvaða brot gegn *Stóradómi* voru algengust?

Már Jónsson ræðir um hórdóm og þar segir: „Giftar konur héldu sjaldan framhjá og enn fátíðara var að bæði karlinn og konan væru í hjónabandi.“ Í framhaldi af þessum orðum er tafla: „Legorðsbrot 1590–1736. Skipting í hundraðshlutum.“ Niðurstaðan í þeim útreikningum er að frillulífi er 81%, skyldleiki og mægðir 6%, en hórdómsbrot 13%, en eins og áður sagði hafa giftar konur verið lítill hluti af þeim 13%.<sup>82</sup> Væri vel í lagt að ætla hórdómsbrot giftra kvenna hefðu verið nálægt 5% legorðsbrot, ef hlutfallið hefur þá verið svo hátt. Með öðrum orðum eru þau hjúskapabrot, sem *Kötludraumur* greinir frá, langsjaldgæfust og gætu verið um einn tuttugasti partur af brotum gegn *Stóradómi*. Þau brot voru einnig þess eðlis að gott var að leyna þeim, því að auðvitað er venjulegast að eiginmaður sé faðir barns giftrar konu. Þess vegna hljóta hórdómsbrot giftra kvenna að hafa verið miklu minna umrædd en frillulífi. Algeng afbrot af því tæi hljóta undir venjulegum kringumstæðum að vera miklu meira umrædd en sjaldgæf. Ef vinsældir *Kötludraums* eru dæmi um umræðu sem af *Stóradómi* spratt, hlýtur að hafa orðið mikil og margfalt meiri umræða um þann vanda, sem kvæntir menn rötuðu í þegar þeir drýgðu hór með ógiftum konum,

81 Lúðvík Ingvarsson, *Refsingar á Íslandi á þjóðveldistímanum* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1970), 58–59.

82 Már Jónsson, *Blóðskömm á Íslandi 1270–1870* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993), 149–150.

einkum vinnukonum. Eins og fram er komið voru frillulífisbrot algengustu brotin, svo að langtum líklegra er, að slík brot úr samtímanum hefðu komist inn í bókmenntirnar, en það verður öðrum látið eftir að finna.

Gísli Sigurðsson vildi telja vinsældir *Kötludraums* „sýna að hugarheimur fjölmargra landsmanna hefur ekki verið í samræmi við lögin eða ríkjandi trúarbrögð.“<sup>83</sup> Hér má nefna, að álfatrú er ekki opinber trú og alltaf full af mótsögnum, en þróunin hérlandis var sú, að álfarnir urðu vinsamlegri eftir því sem tímar liðu og urðu kristnir. Þótt sumir prestar predikuðu um að álfar væru djöflar, voru þeir ekki allir sömu skoðunar.<sup>84</sup> „Ríkjandi trúarbrögð“ studdust við kirkjunnar valdboð, en engin slík stjórn var yfir álfatrúnni og því var hún misjöfn og þróaðist með sínum hætti. Í *Tíðfordrifi* Jóns lærða stendur, að sumir vilji álíta, að huldufólk sé alls ekki til.<sup>85</sup> Þess vegna þurfa vinsældir *Kötludraums* ekki að segja neitt um andstöðu við ríkjandi trúarbrögð. Ef sú skoðun Gísla á við rök að styðjast, að tengsl séu milli *Stóradóms* og vinsælda *Kötludraums*, þá er sérkennilegt að gömul saga af sjaldgæfu broti skyldi af þeim sökum verða til að auka mjög vinsældir kvæðisins.

Hjúskaparbrot giftra kvenna eru þess eðlis, að þeim er best að leyna af þeim brotum, sem *Stóridómur* tilgreindi. Allir þekkja sögur af því, að einhvert barn einhvers staðar eigi ekki að vera barn eiginmanns móður hans eða hennar. Sögurnar eru misjafnlega áreiðanlegar eins og gengur, en oft eru allir vissir um rétt faðerni, og þá annað en hjónabandið segir til um, nema kirkjubókin. Alkunnust er þó vitneskjan um rétt faðerni, þótt hún sé ekki í kirkjubókinni, þegar einhver er fenginn til að segjast vera faðir að barni, sem allir vissu að einhver annar átti í raun.<sup>86</sup>

83 Gísli Sigurðsson, „Kötludraumur,“ 214.

84 Einar G. Pétursson, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*, 1:335–336.

85 Jón Guðmundsson lærði, *Tíðfordrif*, útg. Einar G. Pétursson (væntanleg), 40.

86 Hér má sem dæmi benda á: Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847–2002*, 2. b. ([Reykjavík]: Prestafélag Íslands, 2002), 528. Þar er getið þriggja barna, sem séra Jón Bjarnason átti utan hjónabands og þess getið að tvö þeirra hafi verið kennd öðrum. Sonur Jóns Bjarnasonar, Magnús Blöndal Jónsson, segir: „Ekki gerði móðir mín neina tilraun til að útvega föður að barni þeirra Þuríðar og föður míns“, *Endurminningar*, 1. b. (Reykjavík: Ljóðhús, 1980), 47. Álíka dæmi hafa alltaf verið mýmörg.

## Hvenær átti *Kötludraumur* að gerast?

Nú eru aðalpersónur *Kötludraums* nefndar í *Landnámu*,<sup>87</sup> en frásögnin er annars óþekkt úr fornum heimildum. Víst er að áheyrendur og lesendur kvæðisins hafa ekki alltaf gert sér nákvæmar hugmyndir hvenær þau voru uppi er við sögu koma. Þegar Jón lærði nefndi *Kötludraum* í *Grænlands annálum* hafði hann einnig útdrætti úr *Landnámu* í *Hauksbók* og tengdi persónur *Kötludraums* við *Landnámu*, og sama gerði hann í *Samantektum um skilning á Eddu*.<sup>88</sup>

Nokkurt annað tímaskyn er í ættartölubókum frá 17. öld, sem eru varðveittar í mörgum handritum, en stofn þeirra skrifaði Þórður Jónsson í Hítardal um 1640 til 1656. Jón Erlendsson í Villingaholti skrifaði eftir hreinriti Þórðar handritið Lbs 42 fol. fyrir Brynjólf biskup Sveinsson, en þar stendur: „Jarðþrúður Þorleifsdóttir systir Björns á Reykhólum, hún giftist Guðmundi Andræssyni og bjuggu undir Felli í Kollafirði, en Andrés var Arason Kárssonar frá Reykhólum.“<sup>89</sup> Í handritinu AM 257–258 fol., sem er komið af eldri gerð ættartölubóka Þórðar í Hítardal stendur ofan við nafn Jarðþrúðar: „Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum, Márssonar eða Kár: álfs og Kötl.“ Svipuð klausa er í handritinu AM 255 fol., sem eins og Lbs 42 fol. er komið er af hreinriti Þórðar á ættartölubókinni, en þar stendur innan sviga utanmáls við þessa ættfærslu: „NB. skal þessi Ari ekki hafa verið sonur Guðmundar Arasonar ríka en sá Ari Kársson vel Mársson sem Kötludraumur um hljóðar itq(uem) vero arbitror.“<sup>90</sup> Guðmundur Arason ríki var uppi á fyrri hluta 15. aldar og Ari hefur samkvæmt þessu verið sonur Kárs eða Márs, sem nefndir eru í *Landnámu*, en þá er lengra milli ættliða en eðlilegt er. Þetta sýnir að uppskrifurum ættartölubóka hefur *Kötludraumur* verið hugstæður og þá samkvæmt A-gerð. Þótt í ættartölubókunum og ritum Jóns lærða skeiki nokkrum öldum um aldur þeirra persóna, sem við sögu koma í *Kötludraumi*, er samt ljóst að frásögnin á að hafa gerst fyrir langa löngu; atburðirnir áttu að gerast mörgum öldum

87 *Íslendingabók. Landnámabók*, útg. Jakob Benediktsson, Íslensk fornrit, 1. b. (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968), 153, 162.

88 Sjá 64. neðanmálgrein hér að framan.

89 Þórður Jónsson, *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal*, 1. b., *Texti*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Rit, 70. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2008), 283–284.

90 Þórður Jónsson, *Ættartölusafnrit*, 283–284.

fyrir *Stóradóm*. Hefði ekki verið eðlilegra, ef menn hefðu haft *Stóradóm* í huga, að ort hefði verið út af nýlegum atburðum, sem hefðu hlotið að standa mönnum nær en *Kötludraumur*? Er ekki mögulegt að áheyrendum hafi þótt frásögnin eftirminnileg og þess vegna hefði efni hans orðið hugstætt? Einhverjir atburðir þar sem *Stóradómi* var beitt, hafa einnig hlotið að verða umræddir og eftirminnilegir. Einhvers staðar gæti verið getið um þá í bókmenntunum, en ekki hafa þau verk orðið mjög kunn.

Niðurstaðan er þá í stuttu máli: *Kötludraumur* er eldri en *Stóradómur* frá 1564. Brotið gegn dómnum, sem greint er frá í *Kötludraumum* er það langsjaldgæfasta og að auki auðveldast að fela. Hafi kvæðið átt að tengjast umræðunni um *Stóradóm* er mjög undarlegt, að þar er fjallað um atburði úr fjarlægri fortíð, þar sem hann kemur alls ekki við sögu.

## HEIMILDIR

### HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík*

AM 255 fol.

AM 257–258 fol.

AM 433 1 fol (*Orðabók* Jóns Ólafssonar úr Grunnavík)

AM 210 f 4to

AM 622 4to

AM 960 I 4to

AM 154 VI 8vo

*Landsbókasafn Íslands – Handritadeild, Reykjavík*

ÍB 105 4to

Lbs 42 fol.

Lbs 162 8vo

Lbs 625 4to

Lbs 163 8vo

JS 400 4to

Lbs 936 4to

Lbs 692 8vo

Lbs 2125 4to

Lbs 705 8vo

JS 493 8vo

Lbs 2676 4to (*Lystiháfur*)

Lbs 769 8vo

JS 496 8vo

Lbs 2856 4to

Lbs 1082 8vo

JS 509 8vo

Lbs 1174 8vo

Lbs 1608 8vo

Lbs 1999 8vo

Lbs 2170 8vo

*Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík*

Hannes Þorsteinsson, *Ævir lærðra manna*

*Den Arnamagnæanske samling, Kaupmannahöfn*

AM 75 c fol.

AM 284 fol.

*Konunglega bókasafnið, Stokkhólmi*

Papp. fol. nr 35

Papp. fol. nr 60

Papp. fol. nr 64

Papp. 4to nr 2

Papp. 8vo nr 9

*Bodleian Library, Oxford*

MS Borealis 132

#### FRUMHEIMILDIR

„Annað snoturt kvæði.“ Útg. Hannes Þorsteinsson. *Blanda 4* (1928–31): 49–51.  
*Eitt lítið ævintýr lystugt af þremur riddurum. Klámsaga og fjögur önnur misjafnlega  
siðlát ævintýri frá sautjándu öld.* Einar G. Pétursson bjó til prentunar og ritaði  
inngang. Heimildarit Söguspekingastiftis. 5. b. Hafnarfirði: Söguspekingastifti,  
2002.

Hallgrímur Pétursson. *Ljóðmáli I*. Útg. Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskars-  
dóttir og Kristján Eiríksson. 3. b. Ritsafn Hallgríms Péturssonar. 1.3 b. Rit. 64.  
b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2005.

———. *Ljóðmáli I*. Útg. Margrét Eggertsdóttir. 1. b. Ritsafn Hallgríms Péturssonar.  
1.1 b. Rit. 48. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2000.

*Íslendingabók. Landnámabók.* Útg. Jakob Benediktsson. Íslenzk fornrit. 1. b. Reykja-  
vík: Hið íslenzka fornritafélag, 1968.

*Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og  
aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* 14. b. Reykjavík: Hið íslenzka  
bókmenntafélag, 1944–1949.

*Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur.* Útg. Ólafur Davíðsson. 3.–4. b. Kaup-  
mannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag, 1898–1903.

Jón Árnason. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Nýtt safn.* Útg. Árni Böðvarsson og  
Bjarni Vilhjálmsson. 6 bindi. Reykjavík: Þjóðsaga, 1954–61.

Jón Guðmundsson lærði. *Tíðfordríf.* Útg. Einar G. Pétursson. Væntanlegt.

Jón Helgason. *Íslenzk miðaldakvæði.* 2 b. Kaupmannahöfn: Gyldendal og Ejnar  
Munksgaard, 1936–38.

- Jón Espólín. *Íslands Árbækur í sögu-formi*. 6. deild. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1827.
- Jón Marinó Samsonarson. „Ásgrímur Magnússon rímnaskáld.“ Í *Bókahnútur brugðinn Ólöfu Benediktsdóttur fimmtugri 4. febr. 1997*. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, 1997.
- Kvæði og dansleikir*. Útg. Jón Marinó Samsonarson. 2 bindi. Reykjavík: Almenna bókmenntafélagið, 1964.
- „Kvæðiskorn til gamans.“ Útg. Hannes Þorsteinsson. *Blanda* 4 (1928–31): 47–48.
- Móðars rimur og Móðars þáttur*. Útg. Jón Helgason. Íslenzk rit síðari alda. 5. b. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1950.
- „Vitavísur í brúðkaupi Jóns Vídalíns biskups í Skálholti og Sigríðar yngri Jónsdóttur frá Leirá 17. sept. 1699.“ Útg. Hannes Þorsteinsson. *Blanda* 3 (1924–27): 327–354.
- Þórður Jónsson. *Ættartölusafnrít séra Þórðar Jónssonar í Hitardal*. 1. b., *Texti*. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir. Rit, 70. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2008.

## FRÆÐIRIT

- Árni Björnsson. *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning, 1993.
- Árni Magnússon. *Arne Magnusson: Brevveksling med Torfæus (Þormóður Torfason)*. Útg. Kristian Kálund. Kaupmannahöfn: Nordisk forlag, 1916.
- Bjarni Jónsson frá Unnarholti. *Íslenskir Hafnarstúdentar*. Akureyri: BS, 1949.
- Einar G. Pétursson. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða. Samantektir um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði restingar og skrifelsi. Þættir úr fræðasögu 17. aldar*. 2 b. Rit. 46. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1998.
- Einar Ól. Sveinsson. *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten*. Folklore Fellows' Communications. 83. b. Helsinki: Academia scientiarum Fennica, 1929.
- . *Um íslenskar þjóðsögur*. Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés, 1940.
- Gísli Konráðsson. *Syrpa úr handritum Gísla Konráðssonar*. 2. b., *Sagnaþættir*. Útg. Torfi Jónsson. Hafnarfirði: Skuggsjá, 1980.
- Gísli Sigurðsson. „Kötludraumur. Flökkuminni eða þjóðfélagsumræða?“ *Gripla* 9 (1995): 189–217.
- Guðmundur Sigurður Jóhannsson og Magnús Björnsson. *Ættir Austur-Húnvetninga*. 4 b. Reykjavík: Mál og mynd, 1999.
- Gunnlaugur Haraldsson. *Guðfræðingatal 1847–2002*. 2 b. [Reykjavík]: Prestafélag Íslands, 2002.
- Gödel, Vilhelm. *Katalog öfver Upsala Kongl. Universitets biblioteks fornisländska och fornorska handskrifter*. 1. b. Stokkhólm: Norstedt, 1897.
- Haukur Þorgeirsson. „Gullkársljóð og Hrafnagaldur. Framlag til sögu fornryðislags.“ *Gripla* 21 (2010): 299–334.

- Hálfðan Einarsson. *Sciagraphia historiae literariae Islandicae autorum et scriptorum tum editorum tum ineditorum indicem exhibens*. Kaupmannahöfn: [án útg.], 1777.
- Jón Guðnason. *Dalamenn. Æviskrár 1703–1961*. 3 b. Reykjavík: Á kostnað höfundar, 1961–66.
- Jón Helgason. *Litteraturhistoria*. B, *Norge og Island*. Nordisk kultur. 8. b. Stokkhólmi: Bonnier, 1953.
- Jón Marinó Samsonarson. „Það er svo skemmtilegt í lystiháfnunum.“ Í *Frejas psalter: En psalter i 40 afdelinger til brug for Jonna Louis-Jensen*, ritstj. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Peter Springborg o.fl., 97–100. Kaupmannahöfn: Arnarmagnænske Institut, 1997.
- [Jón Sigurðsson]. „Det historisk-archæologiske Archiv.“ *Antiquarisk tidsskrift* (1849–1851): 218–266.
- Jón Þorkelsson. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn: Høst, 1888.
- [Kålund, Kristian]. *Katalog over den Arnarmagnænske håndskriftsamling*. 2 b. Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1889–94.
- Lúðvík Ingvarsson. *Refsingar á Íslandi á þjóðveldistímanum*. Reykjavík: Menningar-sjóður, 1970.
- Magnús Blöndal Jónsson. *Endurminningar*. 1. b. Reykjavík: Ljóðhús, 1980.
- Már Jónsson. *Blóðskömm á Íslandi 1270–1870*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993.
- Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*. 6 b. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–76.
- . *Jón Sigurðsson*. 5 b. Reykjavík: Hið íslenska þjóðvinafélag, 1929–33.
- Páll Eggert Ólason o.fl. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. 3 b., 4 aukab. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands, 1918–96.
- Sigurður Nordal. *Um íslenzkar fornsögur*. Þýðing Árni Björnsson. Reykjavík: Mál og menning, 1968.
- Sögur Ísafoldar*. Útg. Björn Jónsson. 1. b. Reykjavík: Ísafold, 1947.
- Sögusafn Ísafoldar*. 4. b., *Íslenzkar sögur*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1891.

## SUMMARY

Two Essays about ‘Kötludraumur’.

**Keywords:** ‘Kötludraumur’, Benedikt Magnússon Bech, folk beliefs, *huldufólk*, extra-marital affairs, elves.

The first part of the article presents an edition of ‘Ljúflingur’, a poem by Benedikt Magnússon Bech (1674–1719), county sheriff in Skagafjörður. The edited text derives from the holograph version in Lbs 2676 4to. Benedikt enrolled at the University of Copenhagen in 1694, and his reputation as a young scholar led to speculation that he would become secretary to the antiquarian scholar Þormóður

Torfason. Four years after his death a volume of his hymns was published, and over the next hundred years this collection was reprinted on twelve occasions. Lbs 2676 4to is a sizeable manuscript known as *Lystiháfur*, and a number of its items have already been printed, though not its text of ‘Kötludraumur’, the poem which immediately precedes ‘Ljúflingur’ in the manuscript. Benedikt’s poem was composed as a response to the *huldufólk* beliefs that find expression in ‘Kötludraumur’, and for which he had little sympathy. ‘Ljúflingur’ is the earliest known source for the custom of inviting elves into homesteads on New Year’s Eve. The poem is extant in 19 manuscripts, which are discussed briefly in the article. It seems to have circulated in manuscript form rather than in oral tradition.

The second part of the article discusses Gísli Sigurðsson’s article ‘Kötludraumur. Flökkuminni eða Þjóðfélagsumræða?’, published in *Gripla* IX (1995), 189–217. An edition of the poem had been scheduled for inclusion in the third volume of *Íslensk miðaldakvæði*, a pre-Reformation verse project which Jón Helgason initiated in 1936 but which was never completed. Of the 80 or so manuscripts of ‘Kötludraumur’, Gísli makes use of just 12 of Jón’s transcripts, and only some of these derive from the oldest manuscripts of the poem. The poem survives in two main versions, A (the shorter) and B (the younger). The oldest sources for the poem occur in Jón lærði Guðmundsson’s *Grænlands annál* (1623), and Jón repeats this material in another work published in 1641. Jón refers to the A-version, as do all the oldest sources about the poem. Jón Helgason believed that ‘Kötludraumur’ pre-dated the Reformation, and Gísli suggests that this view may derive from Jón lærði. However, Jón Helgason’s dating was based on linguistic evidence. The poem tells of a love-affair between Katla, a married woman, and an elf, with the union leading to the birth of a son. The present article questions Gísli’s suggestion that the poem’s popularity may be associated with an important 1564 law (*Stóridómur*) concerning incest, adultery and fornication. It should be noted that extra-marital affairs involving married women were the least common (5%) of all breaches of this legislation and, of course, the easiest to conceal. Moreover, the story is set in the long-distant past.

Einar Gunnar Pétursson  
 Prófessor emeritus  
 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum  
 Árnagarði við Suðurgötu  
 101 Reykjavík  
 egp@hi.is